

2009

HAGSÝN
FRAMSÝN
OG
ÁRÆÐIN
ATVINNUSTEFNA



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


2009

H A G S Ý N
F R A M S Ý N
O G
Á R Æ Ð I N
A T V I N N U S T E F N A



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS





TUTTUGU ÞÚSUND STÖRF

Við þurfum að skapa 20 þúsund störf til ársins 2015. Það eru engar töfralausnir til en við eigum að hafa skýra framtíðarsýn og leiðarvísi. Tillögur Samtaka atvinnulífsins að hagsýnni, framsýnni og áráðinni atvinnustefnu eru innlegg í umræðu um hvernig við snúum vörn í sókn og byrjum að skapa störf.

Sá efnahagsskellur sem Íslendingar hafa orðið fyrir er af nánast áður óþekktri stærðargráðu í nútímasögunni. Bankakerfið hrundi nánast eins og það lagði sig á einni viku og gengi íslensku krónunnar lækkaði meira en nokkurn gat órað fyrir. Afleiðingarnar eru rekstrarerfiðleikar fyrirtækja og vaxandi atvinnuleysi. Það er í senn megin áhyggjuefnið og viðfangsefnið á næstunni.

Það er nauðsynlegt að marka leið út úr þeim ógöngum sem íslenska þjóðarbúið hefur ratað í. Með því að allir viti hvert stefnt er og hvaða leið skuli farin er von til þess að efnahagsvandinn vari skemur en ella. Þannig getum við líka sagt atvinnuleysinu stríð á hendur og skapað störf fyrir stóran hóp ungra Íslendinga sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum. Það er megin verkefni atvinnulífsins á komandi misserum.


Samtök atvinnulífsins munu á næstunni freista þess að ná samkomulagi við Alþýðusamband Íslands og önnur samtök og leggja grunn að kjarasamningum og stöðugleika á vinnumarkaði til næstu ára. Þær tillögur sem hér eru settar fram eru viðleitni til þess að styrkja þetta samkomulag og til þess að hvetja stjórnvöld til dáða.

Atvinnulífið biðst ekki undan gagnrýni enda er mikilvægt að gagnrýna græðgi og óhóf þar sem slíkt hefur ráðið ferðinni. Endurmat er nauðsynlegt þegar íslenskt atvinnulíf og þjóðin öll verða fyrir áfalli eins og nú hefur gerst. Slíkt endurmat leiðir til aukins innri styrks og bætts siðferðis í atvinnulífinu og samfélaginu öllu.

Við getum snúið vörn í sókn. Með samstilltu átaki fyrirtækja, einstaklinga og hins opinbera þarf að efla framtakssemi og fjölbreytta atvinnustarfsemi hérlendis og huga að betri framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Janúar 2009.

Þór Sigfússon, formaður SA



EFNISYFIRLIT

Tuttugu þúsund störf	3
1. Inngangur	6
2. Kjarasamningar	9
3. Brýnustu ráðstafanir í atvinnumálum	12
3.1 Almenn	12
3.2 Lækkun vaxta	13
3.3. Endurreisn bankanna	15
3.4. Afnáms gjalddeyrishæfta	16
3.5. Aðgerðir gegn atvinnuleysi	18
4. Endurreisn atvinnulífsins	22
4.1 Almenn	22
4.2 Bankar og uppstokkun fyrirtækja	24
4.3 Endurskipulagning fjárhags heimila	25
4.4. Fjárfestingasjóður Íslands	26
4.5 Endurreisn hlutabréfamarkaðar í Kauphöllinni	27
4.6. Nýsköpun	33
4.7. Framtak, ábyrgð og athafnavilji	35
5. Umhverfismál og orkunýting	41
5.1. Almenn	41
5.2. Markmið í loftslagsmálum	42
5.3. Útstreymi á Íslandi	46
6. Ríkisbúskapur og opinber þjónusta	49
6.1 Afkoma ríkissjóðs	49
6.3. Langtímaáherslur	53
6.4. Stjórnýsla	54
6.5. Einfaldara Ísland	55
7. Samkeppnishæfni Íslands	57
7.1 Alþjóðleg samkeppnishæfni	57
7.2 Samkeppnisstaða fyrirtækja og raungengi	61
7.3 Samkeppnismál og samkeppnislög	62
7.4 Útflutningur og útrás	68
7.5 Fjölgun starfa til 2015	70
7.6 Mikilvægi menntunar	71
7.7 Jafnréttismál og samkeppni um fólk	73
7.8 Gjaldmiðillinn	74
8. Ísland árið 2015	76


1. INNGANGUR

- *Efnahagskreppan leiðir til minnkandi eftirspurnar og aukins atvinnuleysis.*
- *Nauðsynlegt er að móta atvinnustefnu til framtíðar.*
- *Hagsýn, framsýn og áræðin stefna nýtir þekkingu, bætir lífskjör og ýtir undir nýjungar.*

Heimsbúskapurinn er nú í alvarlegri efnahagskreppu og ríkisstjórnir um allan heim bregðast við aðsteðjandi vanda með lækkun stýrivaxta og öðrum hvetjandi aðgerðum fyrir efnahagslífið. Alþjóðlega fjármálakreppan, sem kom í ljós í tengslum við svonefnd undirmálslán í Bandaríkjunum og óvissu um verðmæti nýrra fjármálaafurða á borð við skuldabréfavafninga og afleiður ýmis konar, hefur leitt til þess að traust á fjármálamörkuðum hefur horfið og lausafjárþurrð myndast. Samþætting fjármálakerfis heimsins hefur leitt til þess að vandamál sem áttu uppruna sinn í Bandaríkjunum dreifðust hratt til annarra landa. Fjöldi fjármála-fyrirtækja víða um lönd hefur ríðað til falls og ríkisstjórnir gripið til aðgerða til að forða þeim frá falli. Framboð af lánsfé hefur dregist mikið saman og fyrirtæki eiga í miklum erfiðleikum við að afla nauðsynlegrar lánaþyrngreiðslu. Kreppan í fjármálaheiminum hefur smám saman smitast yfir til framleiðslu- og þjónustufyrirtækja með þeim afleiðingum að eftirspurn dregst saman og atvinnuleysi fer vaxandi. Alþjóðlegar efnahagsstofnanir á borð við OECD og Alþjóða gjaldeyris-sjóðinn spá u.þ.b. 0,5% samdrætti í þróuðum ríkjum á þessu ári, í kjölfar 1,4% hagvaxtar 2008. Þetta er í fyrsta sinn eftir síðari heimsstyrjöldina að samdráttur í þróuðum ríkjum stendur í heilt ár.

Árið 2009 verður á margan hátt erfitt íslensku atvinnulífi. Spáð er verulegum samdrætti í landsframleiðslu (8,3% skv. Seðlabankanum og 9,6% skv. fjármálaráðuneytinu), fjórðungs samdráttar einkaneyslu og allt að þriðjungs samdráttar fjárfestinga. Umsvif atvinnulífsins dragast þannig verulega saman og horft er fram á 9–10% atvinnuleysi á vormánuðum og 7–9% atvinnuleysi að meðaltali á árinu. Horfur eru á að erfiðleikarnir standi enn hér á landi árið 2010 jafnvel þótt alþjóðlegu fjármála- og efnahagskreppunni verði þá lokið eins og flestar hagspár gera ráð fyrir og heimsbúskapurinn verði á uppleið á ný.

Bregðast verður rétt við, byggja á metnaði og framfarahug



Í slíku ástandi er mikilvægt að bregðast rétt við, lágmarka skaðann og auðvelda nýja uppbyggingu í atvinnulífinu. Draga þarf réttan lærdóm af reynslu undanfarinna missera og gæta þess sérstaklega að ekki dragi úr metnaði og framfarahug þrátt fyrir að horfst verði í augu við afleiðingar utanaðkomandi atburða og aðstæðna og mistaka innanlands sem orðið hafa atvinnulífinu og þjóðinni afar dýr.

Samtök atvinnulífsins setja fram í aðdraganda viðræðna vegna framlengingar kjarasamninga fyrir 15. febrúar næstkombandi tillögur að atvinnustefnu fyrir næstu misseri. Þessi atvinnustefna byggir í senn á hagsýni, framsýni og áræðni. Erfiðleikarnir mega ekki verða til þess að forystumenn í atvinnulífi, í verkalyðshreyfingu og hins opinbera missi móðinn. Ákvarðanir sem nú þarf að taka verða að skapa grunn að nýrri framfarasókn þar sem Ísland hefur möguleika á því að komast á fáum árum aftur í hóp fremstu þjóða heims hvað varðar lífskjör, velmegun og velferð.

Tillögur Samtaka atvinnulífsins um **hagsýna** atvinnustefnu taka mið af því að nýta þá víðtæku þekkingu og reynslu sem íslenskt atvinnulíf byggir á. Leggja þarf sérstaka rækt við framtak, nýsköpun og menntun og setja fram metnaðarfull áform um uppbyggingu atvinnulífsins, sköpun nýrra starfa og enduheimt þeirra sem hafa glatast. Leggja þarf áherslu á arðsemi þess rekstrar sem byggður er upp og því sem hann getur skilað til eigenda sinna, starfsmanna og lánadrottna og hverju hann skilar til að efla skattstofna fyrir sameiginlegar þarfir samfélagsins.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á **framsýna** atvinnustefnu því að horfa verður til langs tíma og byggja upp atvinnulíf sem er vel í stakk búið til að mæta utanaðkomandi áföllum. Atvinnulíf þjóða heims verður sífellt nátengdara þar sem uppgangur einnar þjóðar skapar markað fyrir aðrar og vandamál í atvinnulífi einnar þjóðar dreifast um alla heimsbyggðina. Atvinnulífið verður að fá aðgang að alþjóðlegum mörkuðum til þess að vaxa og dafna en jafnframt þarf að gæta að áhættudreifingu og grundvelli stöðugleika til lengri tíma. Hagvöxtur og bætt lífskjör í náinni framtíð verða að byggja á góðri samkeppnisstöðu atvinnulífsins og auknum útflutningi vöru og þjónustu.

Samtök atvinnulífsins vilja **áræðna** atvinnustefnu sem felst í því að áfram verði tekin áhætta í atvinnulífinu. Forráðamenn fyrirtækja verða að þora að leggja út í nýjungar, fjárfesta og ráða fólk í vinnu. Fjárfestar verða að halda áfram að þora að leggja eigið fé í rekstur fyrirtækja og bankar og aðrar fjármálastofnanir verða að þora að lána fyrirtækjum fé til nýrra verkefna.

Í kjölfar þeirra áfalla sem dunið hafa yfir þjóðina og atvinnulífið er það gagnrýnt að uppgangurinn á síðustu árum hafi um of byggst á græðgi og óhófi og að forráðamenn atvinnulífs og fjárfestar hafi ekki sést fyrir í fjárfestingum og öðrum fjármálalegum ráðstöfunum. Slík gagnrýni á vissulega rétt á sér eins þótt ástæður áfallanna séu af margvíslegum toga, og atvinnulífið þarf að endurmeta sína stöðu. Íslenska þjóðin og atvinnulífið hafa áður orðið fyrir áföllum þótt samdrátturinn nú geti orðið sá illvígasti sem dunið hefur á þjóðinni á síðari tímum. Því riður enn meira á en nokkru sinni fyrr að taka réttar ákvarðanir í atvinnumálum.

Gagnrýni á rétt á sér.
Réttar og tímabærar
ákvarðanir eru nauðsynlegar

Gagnrýni á græðgi og óhóf má ekki verða til þess að drepa niður heilbrigðan metnað til þess að skipa Íslandi örugglega í fremstu röð meðal þjóða heims. Samtök atvinnulífsins leggja til leiðir í atvinnumálum sem byggja á hagsýni, framsýni og áræðni. Slíkar leiðir eru best fallnar til að skila þjóðinni og atvinnulífinu fram á veg og helst í fremstu röð. En til þess að það verði að veruleika þarf skýr markmið og réttar og tímabærar ákvarðanir sem fylgt er eftir af festu.



2. KJARASAMNINGAR

- *Forsendur kjarasamninga 2008 eru brostnar.*
- *Fyrirtækin þurfa svigrúm til aðlögunar.*
- *Allur vinnumarkaðurinn sameinist um eina launastefnu.*

Kjarasamningarnir frá 17. febrúar 2008 gilda til loka nóvember 2010. Í þeim er hins vegar ákvæði sem gerir ráð fyrir því að fyrir 15. febrúar 2009 skuli tekin ákvörðun um það hvort samningarnir verði framlengdir frá 1. mars 2009 til loka nóvember 2010. Samningarnir framlengjast sjálfkrafa ef forsendur þeirra standast en þær eru að kaupmáttur minnki ekki og að verðbólga fari hjaðnandi. Báðar forsendurnar hafa brostið og því fara nú fram viðræður milli SA og ASÍ um viðbrögð og mögulega framlengingu samninga þrátt fyrir forsendubrest.

Í samningunum frá 17. febrúar var samið um sérstaka launaþróunartryggingu hinn 1. mars 2009 þannig að laun hækka þá um 3,5% en frá dragast launahækkanir sem kunna að hafa komið til framkvæmda á tímabilinu frá 2. febrúar 2008 til 1. mars 2009. Hinn 1. janúar 2010 hækka laun síðan almennt um 2,5%. Einnig koma til sérstakar hækkanir á kjarasamningsbundnum lágmarkstöxtum þannig að mánaðarlaunataxtar verkafólks hækka um 13.500 krónur og lágmarkstaxtar iðnaðarmanna hækka um 17.500 kr. þann 1. mars 2009. Lágmarkstaxtar verkafólks hækka síðan um 6.500 kr. og lágmarkstaxtar iðnaðarmanna um 10.500 kr. hinn 1. janúar 2010.

Í mati samningsaðila við samningsgerðina 17. febrúar 2008 á kostnaði við kjarasamninganna var heildarlaunakostnaður áætlaður hækka um 4% í upphafi og nálægt 3% bæði þann 1. mars 2009 og 1. janúar 2010. Engin vísitölutrygging eða kaupmáttartrygging er í samningunum.

Atvinnulíf í þröngri stöðu

Ljóst er að forsendur kjarasamninganna frá 17. febrúar 2008 eru jafnt brostnar fyrir fyrirtækin og fyrir starfsfólkið. Enda hefur launaþróun í atvinnulífinu á síðustu mánuðum einkennst af viðleitni til þess að lækka launakostnað með

öllum tiltækum ráðum, þ.e. með launalækkun þeirra hærra launuðu eða með hlutastörfum í stað fullra starfa. Þetta hefur reynst nauðsynlegt í mörgum fyrirtækjum í því skyni að halda störfum og koma í veg fyrir uppsagnir og jafnvel lokun fyrirtækjanna.

Viðleitni er til að lækka laun

Atvinnulífið er í þröngri stöðu og margir forráðamenn fyrirtækja munu án efa standa frammi fyrir því að lækka laun enn frekar eða grípa til uppsagna verði samningarnir frá 17. febrúar framlengdir óbreyttir. Aðstæður í atvinnulífinu eru því aðrar og mun lakari en við gerð samninganna. Starfsskilyrði atvinnulífsins s.s. háir vextir og veikburða bankaþjónusta, verðbólga, gjaldeyrishöft og takmarkaður aðgangur að erlendu lánsfé, gengishrun og samdráttur í eftirspurn eru fyrirtækjunum þung í skauti. Það er því engum í hag að samningarnir verði framlengdir óbreyttir. Því vilja Samtök atvinnulífsins leita leiða til þess að fyrirtækin fái aukið svigrúm til aðlögunar að samningunum með því t.d. að fresta launahækkunum og standa við umsamdar hækkningar á lengri tíma en gert var ráð fyrir eða taka síðar ákvörðun um hvenær þær koma til framkvæmda.

Hugsanlegt er að fresta
umsömdum launahækkunum

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að leita samkomulags um breytingar og æskilegt er að tryggja frið á vinnumarkaði á næstu misserum. Þær leiðir sem til greina koma eru m.a. að fresta öllum launahækkunum fram á haust og taka þá ákvörðun um framlengingu samninga eða uppsögn en þá mun liggja betur fyrir hvernig efnahagslægdin þróast og hversu mikið vextir og verðbólga hafa lækkað. Þá kemur til greina að ákveða strax nýja tímamark fyrir þær hækkningar sem samið hefur verið um annað hvort með eða án opunarákvæðis á milli hækkana til þess að endurmeta stöðuna. Ennfremur kemur til greina að launahækkunum 1. mars verði frestað og taki gildi t.d. í byrjun næsta árs. Á síðari hluta árs 2010 verði síðan ákveðið hvenær umsamin launahækkun 1. janúar 2010 komi til framkvæmda.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Ísland hafa leitað eftir því við samtök opinberra starfsmanna og vinnuveitendur þeirra, þ.e. launanefndir ríkis og sveitarfélaga, að allur vinnumarkaðurinn sameinist um eina launastefnu fyrir vinnumarkaðinn í heild með samningana frá 17. febrúar sem útgangspunkt (og breytingar á þeim ef um semst). Frumviðræður hafa farið fram milli þessara aðila og allir lýst vilja sínum til þess að reyna til þrautar að ná niðurstöðu. Takist



slíkt heildarsamkomulag hefur það án efa mjög jákvæð áhrif á væntingar um stöðugleika og starfsskilyrði fyrir fyrirtæki og heimilisrekstur.

Samið var um margvísleg mál í tengslum við kjarasamningana 17. febrúar 2008. Eitt það mikilvægasta snerist um starfsendurhæfingu og stofnun Endurhæfingarsjóðs. Starfsemi hans hófst á árinu 2008 en hingað til hefur verið unnið að uppbyggingu hans. Opinberir vinnuveitendur og starfsmenn hafa gerst aðilar að sjóðnum og ríkið mun greiða umsamið framlag frá 1. október 2009 í stað ársbyrjunar eins og áður hafði verið ákveðið. Nafn sjóðsins verður Starfsendurhæfingarsjóður.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands fóru fram á það við ríkisstjórnina í bréfi 2. júlí 2008 að almenn aðildarskylda yrði að sjóðnum. Farið var fram á að lögum um lífeyrissjóði yrði breytt í þá veru enda er stefnt að því að lífeyrissjóðir leggi framlag til starfsendurhæfingarinnar frá ársbyrjun 2010. Beiðnin var ítrekuð við Alþingi við breytingar á lögum um lífeyrissjóði í desember sl. Brýnt er að fá þessa lagabreytingu fram. Starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er afar mikilvæg í því skyni að vinna gegn örorku og lækka kostnað samfélagsins og einstaklinga af fjölgun örorkulífeyrisþega, ekki síst nú þegar þeim fjölgar ört. Með starfsemi sjóðsins er komin raunveruleg geta til fyrirbyggjandi starfs og aðstoðar við einstaklinga og til stuðnings og aðhalds þegar mestar líkur eru á árangri.

Starfsendurhæfing til stuðnings einstaklingum

3. BRÝNUSTU RÁÐSTAFANIR Í ATVINNUMÁLUM

- *Afnema gjaldeyrishöft og semja við eigendur skuldabréfa.*
- *Lækka vexti sem að óbreyttu geta valdið nýju bankahruni.*
- *Endurreisa bankakerfið og koma á eðlilegum samskiptum við erlenda banka*
- *Samræma aðgerðir gegn atvinnuleysi, greiða fyrir nýjum fjárfestingum.*

3.1 Almenn t

Gjaldeyrishöft og háir vextir sliga rekstur fyrirtækja og auka atvinnuleysi


Brýnustu ráðstafanirnar til þess að tryggja starfsgrundvöll atvinnulífsins eru afnám gjaldeyrishafta, lækkun vaxta og uppbygging bankakerfis sem hefur vilja og getu til þess að þjóna atvinnulífinu. Þessar ráðstafanir eru nauðsynlegar til þess að íslensk fyrirtæki geti starfað eðlilega.

Gjaldeyrishöftin skapa gifurlega röskun í starfsemi fyrirtækja og í viðskiptum við önnur lönd. Þau hræða erlenda aðila frá fjárfestingum, fjármagnsviðskiptum og öðrum viðskiptum við Ísland. Háir vextir sliga atvinnulífið og eru ekki í neinu samhengi við verðbólguvæntingar á þessu ári né heldur viðbrögð erlendra seðlabanka við samdrætti. Byggja þarf íslenska bankakerfið upp á nýjan leik þannig að einhverjar líkur séu á að íslensk fyrirtæki og heimili geti stundað eðlileg lánsviðskipti og önnur fjármálaviðskipti við útlönd.

Háir vextir leiða til taprekstrar í íslenskum fyrirtækjum þrátt fyrir að þau skili mörg hver bærillegri rekstrarafkomu og að stjórnendur leiti allra leiða til hagsýni og hagræðingar. Það er engum greiði gerður með því að keyra hvert fyrirtækið eftir annað í þrot með vaxtastigi sem er sífellt meira úr takt við það sem gerist meðal nágrannabjórða okkar.

Atvinnulífið þarf virka bankabjónustu

Íslensk fyrirtæki hafa almennt heldur ekki aðgang að eðlilegri bankabjónustu. Reynt er að halda í horfinu og fjármagna eftir föngum áður samþykkt verkefni, rekstrarumfang eða viðskipti en ekki er lánað svo heitið geti til nýrra verkefna.



Endurnýjun í atvinnulífinu liggur því í meginatriðum niðri og það mun fyrr en síðar bitna harkalega á atvinnustiginu og lífskjörum almennings í bráð og lengd.

Gjaldeyrishöftin eru afar skaðleg fyrir öll viðskipti og samskipti íslenskra fyrirtækja við erlenda aðila hvort heldur viðskiptaaðila, banka eða fjárfesta. Það breytir litlu þótt Seðlabankinn bjóði upp á sértækar undanþágur og túlkanir. Vinnubrögð af þeim toga geta ekki samræmst nútíma atvinnulífi sem ætlað er að standa undir lífskjörum eins og þau gerast best í heiminum.

Spá Vinnuálagstofnunar frá desember sl. um þróun atvinnuleysis gerir ráð fyrir því að það verði 9% til 10% á útmánuðum. Grípa verður til allra tiltækra aðgerða í því skyni að sporna við því að atvinnuleysi verði svo mikið. Þegar hefur verið gripið til ýmissa mikilvægra aðgerða s.s. að auðvelda hlutastörf og sérstakar vinnumarkaðsaðgerðir. Meira þarf þó að koma til. Tímasetja verður framkvæmdir og viðhaldsverkefni opinberra aðila til þess að skapa sem allra fyrst aukna eftirspurn eftir starfsfólki. Koma verður sem allra fyrst á hreint atriðum til að unnt sé að hefja framkvæmdir við álver í Helgúvík og tilheyrandi virkjanir. Hvetja ætti einstaklinga til þess að leggja í viðhaldsverkefni á íbúðarhúsum og sumarbústöðum.

3.2 Lækkun vaxta

Stýrivextir Seðlabankans eru nú 18% og munurinn milli stýrivaxta hér á landi og í nágrannalöndunum er yfir 15%. Seðlabankar nágrannalöndanna keppast við að lækka vexti sem svar við samdrætti sem alls staðar herjar á atvinnulíf og almenning. Hér á landi er vöxtunum haldið háum þótt samdráttur í íslensku efnahagslífi verði fyrirsjáanlega meiri en í nokkru öðru landi í okkar heimshluta.

Háir vextir éta upp eigið fé fyrirtækja og gætu sett nýju bankana á hliðina

Vaxtakostnaður íslenskra fyrirtækja af íslensku óverðtryggðu lánsfé er almennt yfir 20%. Þetta er ekki síst bagalegt vegna þess að nú hafa fæst þeirra aðgang að ódýru erlendu lánsfé eins og áður var. Fjármögnun atvinnulífsins færir því óðfluga yfir í dýr skammtímalán sem eru öllum venjulegum rekstri ofviða.

Hinir háu vextir éta fljótt upp eigið fé skuldsettra fyrirtækja og verða einnig til þess að kröfuhafar þeirra fara að tapa útistandandi skuldum. Í hópi kröfuhafanna eru mörg fyrirtæki, sem eru bærillega stöndug fyrir, en verða fyrir áföllum af vanskilum og töpuðum kröfum.

Ekki er síður alvarlegt að svo háir vextir setja fljótt hina nýju banka í enn meiri vandræði en þeir eiga þó við að etja. Hætt er við því að um leið og nýju bankarnir þurfa raunverulega að standa á eigin fótum, eftir að efnahagsreikningar þeirra verða endanlega ákveðnir, lendi þeir strax í óhóflegum útlánatöpum vegna þess að viðskiptavinirnir kikna undan vaxtastiginu. Slík útlánatöp geta auðveldlega sett hina nýju banka strax á hliðina þegar vandamál viðskiptavinanna flytjast yfir á þá.

Stöðva verður eignabruna

Við núverandi aðstæður eru háir vextir fyrst og fremst eldsneyti fyrir mikinn eignabruna. Afskriftaþörf verður mikil, fjármagn dregst saman og fyrirtæki fá ekki fé til nýrra verkefna eða uppbyggingar. Verðmæti eyðast þar af leiðandi í atvinnulífinu, hvort heldur það er eigið fé fyrirtækjanna, fastafjármunir þeirra eða verðmæti sem felast í rekstrarhæfni og getu til þess að skila arði og greiða laun.

Háir stýrivextir á Íslandi eru réttlættir með nauðsyn þess að hvetja erlenda eigendur fjárfrafna í íslenskum krónum til þess að halda þeim kröfum áfram í krónum í stað þess að skipta þeim í erlenda gjaldmiðla sem leiðir til tímabundinnar lækkunar á gengi krónunnar. Þessar kröfur eru niðurstaðan af peningastefnu undanfarinna ára þegar vextir voru hækkaðir í sífellu til þess að laða slíkt fjármagn inn í landið og hækka gengi krónunnar.

Þessi réttlætning sýnir skipbrot vaxtastefnu undanfarinna ára sem tækis til að vinna gegn verðbólgu. Þegar skammtímafjármagn leitar inn í landið vegna hárra vaxta og hækkingar gengis verður jafnframt til krafa á útlæði fjármagns síðar. Sú krafa verður þeim mun hærri sem vextirnir eru hærri. Háir stýrivextir nú gera ekkert annað en að hækka enn frekar kröfuna á útlæði fjármagns. Þeir, sem eiga þessar kröfur, eru nú mun líklegri til þess að horfa til væntanlegar þróunar gengis krónunnar en til þess hvort stýrivextir eru hærri eða lægri þegar þeir taka ákvarðanir um sín mál.

Síðan þarf að líta til þess að það eru tiltölulega fáir aðilar sem eiga stóran hluta þessarra krafna. Æskilegt er að reyna að semja við þá um skipulegt undanhald í stað þess að færa ónaðsynlegar fórnir með vöxtum sem eru ekki í neinu samhengi við stöðu atvinnulífsins, getu þess og framtíðarhorfur.

Vaxtastefnan hefur beðið skipbrot

3.3. Endurreisn bankanna

Hrun bankakerfisins hafði óhjákvæmilegar mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir íslenskt atvinnulíf, heimilin í landinu og alla viðskiptavinum bankanna. Ekki er gert lítið úr því að í kjölfar fallsins tókst að halda greiðsluferfum og brýnustu þjónustubáttum gangandi. Ekki er heldur gert lítið úr því mikla viðfangsefni að koma greiðsluferfum til og frá landinu í eðlilegt horf á nýjan leik.

Kröfuhafar eignist hlut í bönkunum. Tryggir aðgang að erlendum fjármálamörkuðum og þjónustu við almenning og fyrirtæki

Sú leið sem valin var, að setja á stofn nýja ríkisbanka, verður hins vegar ekki fær því að slíkir bankar munu ekki með góðu móti geta þjónað viðskiptavinum sínum. Ekki er við því að búast að ríkið geti tekið tiltekna eignir út úr gömlu bönkunum afhent kröfuhöfum gömlu bankanna skuldabréf vegna þessara eigna á kjörum sem eru einhliða ákveðin og ætlast svo til þess að hægt sé að hefja viðskipti við þessa sömu aðila á nýjan leik eins og ekkert hafi í skorist.

Það verður að velja aðra leið þar sem erlendir kröfuhafar bankanna geta orðið helstu eigendur þeirra. Íslensk fyrirtæki og almenningur sem voru viðskiptavinir gömlu bankanna þurfa á því að halda að eigendur nýju bankanna séu nægilega öflugir til þess að hafa getu og vilja til þess að þjóna viðskiptavinum sínum. Fyrirtæki og heimili skulda erlend lán sem munu meira og minna verða afskrifuð í gjaldþrotum ef ekki er hægt að fá eðlilegan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum til endurfjármögnunar og fjármögnunar á nýjum verkefnum. Endurgreiðslur á erlendum lánum fyrirtækja og heimila án eðlilegs fjármagnsflæðis inn í landið af nýju lánsfé gera miklu meiri kröfu um þjóðhagslegan sparnað og viðskiptaafgang en hægt er að ráða við.

Það er því öllum í hag að finna leið þar sem erlendir kröfuhafar bankanna sjá hagsmunum sínum betur borgið með því að líta á skuldir íslenskra fyrirtækja og

heimila sem lifandi lánasöfn sem þarf að sinna og rækta sem verðmæti frekar en að þeir dragi sig út úr viðskiptum við landið og sætti sig við enn frekari útlánatöp. Þess vegna er nauðsynlegt að kröfuhafar gömlu bankanna verði jafnframt eigendur nýju bankanna. Þannig er líklegast að þeir sjái hag sínum best borgið með áframhaldandi viðskiptum eða að þeir komi málum þannig fyrir að sár grói sem fyrst og traust skapist á nýjan leik.

Líta verður til sameiningar banka


Þá er mikilvægt að bankarnir leggi áherslu á hagræðingu og lágmörkun kostnaðar í starfsemi sinni. Viðskiptavinir þeirra þola illa kröfu um meiri vaxtamun eða aðra gjaldtöku en þá sem er nauðsynleg til þess að halda úti bankakerfi sem gætir fyllstu hagkvæmni í rekstri. Líta verður til þess hvort skynsamlegt sé að sameina banka eða aðrar fjármálastofnanir þó þannig að virk samkeppni sé tryggð. Nú þegar erlendur lánsfjármarkaður er nánast lokaður fyrir íslenskt atvinnulíf þarf að huga sérstaklega að þessum þáttum.

3.4. Afnáam gjaldeyrishafta

Lög um viðtæk gjaldeyrishöft sem sett voru aðfaranótt 29. nóvember 2008 voru mikil mistök. Eftir hrun bankanna voru viðskipti með erlenda gjaldmiðla í lamasessi en tóku smám saman á sig mynd á nýjan leik. Flestum íslenskum fyrirtækjum tókst að fá skilning meðal viðskiptaaðila sinna og því að það tæki tíma að koma greiðsluflæði til og frá landinu í eðlilegt horf. Íslensk fyrirtæki hafa þó mátt þola það að traust á þeim hefur beðið hnekki og þau hafa ekki sama lántraust hjá viðskiptaaðilum sínum og áður var. Greiðslufrestir hafa verið afnumdir og greiðslutryggingar fallið niður. Ný sambönd við erlenda banka verða heldur ekki byggð upp á einni nóttu.

Gjaldeyrishöftin eru of viðamikil. Leita á samninga við eigendur krónubrifa

Innleiðing viðtækra gjaldeyrishafta var allt of viðamikil aðgerð í ljósi þess vanda sem þeim var ætlað að leysa, en það er að erlendir aðilar gætu viljað leysa út eignir sínar í íslenskum krónum og skapað með því þrýsting til lækkunar gengis krónunnar. Það liggur fyrir að þessir eignaflokkar eru tiltölulega afmarkaðir, þ.e. ríkisskuldabréf og innstæðubréf í Seðlabankanum, og að fáeinir aðilar eiga stóran hlut þessara eigna.



Vafasamt er að ástæða hafi verið til að takmarka útfærði gjaldeyris vegna þessara eigna því að eftir því sem þær hefðu verið teknar hraðar út hefði gengið fallið meira, en framtíðarvandinn að sama skapi minnkað. Því hraðar sem eignirnar hefðu verið teknar út og á á lægra gengi hefði liðið skemmri tími þar til gengið hækkaði á nýjan leik.

Með gjaldeyrishöftunum er bæði sköpuð meiri vantrú en ella á að gengi krónunnar geti styrkst og krafan stækkuð á væntanlegt gjaldeyrisútfærði. Ennfremur má ætla að eigendur þessara krafna líti til gengis krónunnar við þá ákvörðun hvort íslenskar krónur eru seldar fyrir erlenda gjaldeyri og hverjar framtíðarhorfurnar eru. Ef þessir aðilar hafa trú á því að gengið fari samfellt hækkandi eru meiri líkur á því en ella að þeir haldi kröfunum og bíði betra færís.

Þá er líka nauðsynlegt að eiga samningaviðræður við helstu eigendur þessara krafna og leita samninga við þá um skipulegt sölufarli þannig að það hafi ekki of mikla röskun í för með sér.

En hafi allt að einu verið þörf á gjaldeyrishöftum af einhverju tagi hefði verið hægur vandi að einskorða takmarkanirnar við þessa tilteknu eignaflokka, þ.e. ríkisskuldabréf og innstæðubréf í Seðlabankanum með tiltölulega einföldum hætti. Öll önnur höft eru fullkomlega óþörf og til mikillar óþurftar.

Eftir því sem tíminn líður kemur betur í ljós hversu skaðleg höftin eru. Íslensk fyrirtæki sem hafa verið að leita erlendra fjárfesta rekast á vegg og þrátt fyrir að boðnar séu undanþágur eða sértækar túlkanir eru þær ekki til þess fallnar að skapa traust. Erlendir aðilar sem eiga íslensk hlutabréf eru læstir inni með þau. Það er því engin tilviljun að erlendir fjárfestar skuli nú eins og í tilfalli Norðúrals leita eftir sérstökum fjárfestingarsamningi sem þarf lagastoð og eignarréttarlega stöðu. Þetta er því verulegt afturhvarf til fortíðar þar sem traust á Íslandi hefur rýrnað stórkostlega.

Skadleg gjaldeyrishöft,
afturhvarf til fortíðar

Skadsemi gjaldeyrishaftanna kemur jafnframt fram í því að þeir sem eiga viðskipti með vörur og þjónustu milli landa þurfa að leita ýmissa hjáleida til þess að skapa sér öryggi og minnka áhættu í viðskiptum sínum. Í nútíma viðskiptum er mikið

svigrúm til að stýra tekjuflæði og greiðsluflæði þannig að tekjur og greiðslur berist ekki til landsins nema vegna nauðsynlegs kostnaðar og greiðsluþarfa innanlands. Við innflutning á vöru og þjónustu eru ennfremur möguleikar til þess að hraða gjaldfærslum og greiðslum og byggja upp varasjóði í erlendum bönkum fullkomlega löglega.

Gjaldeyrishöftin eru mistök


Hin víðtæku gjaldeyrishöft eru því mikil efnahagsleg mistök sem draga úr innflæði gjaldeyris og auka útflæði. Þessar afleiðingar gjaldeyrishafta eru vel kunnar og hafa alls staðar komið fram þar sem þeim hefur verið beitt.

Því ber að afnema gjaldeyrishöftin hið bráðasta.

3.5. Aðgerðir gegn atvinnuleysi

Í desember sl. spáði Vinnuálastofnun að atvinnuleysi færi í 9% til 10% á vormánuðum 2009. Þannig yrðu allt að 20 þúsund manns án fullrar atvinnu í apríl og maí en um fjórðungur þessa hóps yrði þó aðeins atvinnulaus að hluta. Þegar séð var fram á stórfellt atvinnuleysi eftir hrun bankanna hófu Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands viðræður um hvernig unnt væri að bregðast við. Var m.a. gefin út sérstök hvatning til fyrirtækja um að halda eftir föngum í starfsfólk sitt og bjóða fram hlutastörf eftir því sem mögulegt væri frekar en grípa til uppsagna. Í framhaldi var lögum um atvinnuleysistryggingar breytt til þess að auðvelda slíkar ráðstafanir.

Þá hafa viðræður milli stjórnvalda og samtaka á vinnumarkaði og annara aðila leitt til víðtækra vinnumarkaðsaðgerða á vegum Vinnuálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þessum aðgerðum er ætlað að sporna við atvinnuleysi og auðvelda tilfærslu fólks milli starfa og efla nýja atvinnustarfsemi. Meðal aðgerðanna má nefna samninga um starfsþjálfun, reynsluráðningu, nám, atvinnutengda endurhæfingu, þróun eigin viðskiptahugmyndar, frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða stofnunar, sérstök tímabundin átaksverkefni og sjálfboda-liðastarf. Þessar aðgerðir eru allar saman afar mikilvægar og munu hafa veruleg jákvæð áhrif.



Margir hafa lýst vilja sínum til að nýta þennan stuðning og ráða til sín nýtt fólk. Sprota- og hátæknifyrirtæki settu í nóvember fram tilboð um að þau geti ráðið hundruð manna til starfa sem muni síðan verða til þess að enn fleiri verði ráðnir í afleidd störf. Einnig má nefna að Nýsköpunarmiðstöð Íslands rekur nú fjórar fyrirtækjasmíðjur m.a. í húsnæði gömlu bankanna þar sem frumkvöðlum er skapað þekkingarumhverfi, aðstaða og umgjörð til að vinna að nýsköpun og fá þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna. Aukið fjármagn sem lagt er til sjóða sem styðja við nýsköpun og sprotafyrirtæki getur einnig hraðað þessari þróun. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Tækniþróunarsjóður, markáætlanir Vísinda- og tækniráðs, Frumtak og AVS-Rannsóknarsjóður í sjávarútvegi hafa gríðarmikilvægu hlutverki að gegna til að styðja við verkefni sem auka verðmætasköpun og fjölgastörfum í landinu.

Margir vilja ráða til sín fólk með ákveðnum stuðningi

Raugengi krónunnar er nú lágt og staða útflutnings- og samkeppnisgreina því betri en oft áður. Mörg þessara fyrirtækja reka umfangsmikla starfsemi erlendis. Þróunin getur því orðið sú að það verði þessum fyrirtækjum hagstætt að byggja starfsemi sína frekar upp hér á landi en erlendis og jafnvel að flytja hluta starfsemi sinnar til Íslands. Hugsanlegt er að styðja við slíkan flutning með ýmsum almennum aðgerðum sem getur fjölgað störfum og dregið úr atvinnuleysi. Á sama hátt má hugsa sér að skapa hér aðstæður fyrir erlend fyrirtæki að stunda hér rannsóknir og nýsköpun af ýmsu tagi með svipuðum aðgerðum gripið hefur verið til á Írlandi. Forsendur þess að þessi leið geti veið raunhæf er að bankakerfið hér á landi starfi eðlilega og að gjaldeyrishöftin verði afnumin hið fyrsta.

Greiða verður fyrir nýjum fyrirtækjum og auka mannaflafrékar framkvæmdir

Meira þarf þó að koma til svo atvinnuleysi verði ekki eins mikið og spáð er og að það festist ekki í sessi. Álpynnuverksmiðja á Akureyri mun væntanlega taka til starfa á árinu. Mikilvægt er að haldið verði áfram með áform um framkvæmdir við Álver í Helgúvík og tilheyrandi virkjanir af miklum krafti og að niðurstaða fáiast sem allra fyrst um fjármögnun og tímasetningar framkvæmda. Álver á Bakka við Húsavík og stækkun álvers í Straumsvík hafa líka verið til umræðu. Stjórnvöld þurfa að ýta á eftir undirbúningi álvers við Bakka og gera sitt til þess að engar ónaúðsynlegar tafir verði á verkinu vegna umhverfismats eða annarrar aðkomu opinberra aðila ef aðstandendur fyrirhugaðs álvers taka ákvörðun um að ráðast í fjárfestingarnar.

Fjárfestingar eru fyrirhugaðar vegna framleiðsluaukningar álversins í Straumsvík og er mikilvægt að þær gangi eftir. Hefðu Hafnirðingar samþykkt breytingu á deiliskipulagi í atkvæðagreiðslu 31. mars 2007 væru framkvæmdir vegna stækkunar álversins í Straumsvík í fullum gangi. Undirskriftum hefur verið safnað til þess að koma á annarri atkvæðagreiðslu. Samþykkt deiliskipulags sem gerir ráð fyrir stærra álveri hefur án efa jákvæð áhrif á væntingar um betri tíð í atvinnu- og efnahagsmálum enda eru öll tilskilin leyfi þá til staðar til þess að hefja framkvæmdir ef eigendur fyrirtækisins vilja taka slíka ákvörðun og ná nýjum samningum um orkukaup.

Ýmis önnur stór fjárfestingarverkefni hafa verið í undirbúningi, s.s. gagnaver, framleiðsla á sólar kísil og koltrefjaverksmiðja á vegum Skagfirðinga. Mikilvægt er að stjórnvöld greiði sem kostur fyrir áformum um stækkun verksmiðju Elkem á Grundartanga til þess að auka líkur á að sú starfsemi verði byggð upp hér á landi en verði ekki að bráð óhóflegri óvissu um framkvæmd og tímalengd umhverfismats eins og dæmi er um.

Opinberar framkvæmdir hafa mikið verið til umræðu milli stjórnvalda, SA og ASÍ. Hafa samtökin lagt mikið kapp á að haldið verði eftir fönfum úti mannaflafrækum framkvæmdum og viðhaldsverkefnum. Nú liggja fjárlög fyrir vegna ársins 2009 og framkvæmdaáform sveitarfélaga eru smám saman að koma fram. Nauðsyn er að skapa vissu um tímasetningar framkvæmda og að útboð fari af stað eftir því sem við á. Mikilvægt er að nýjar framkvæmdir geti hafist sem allra fyrst þannig að áhrif til lækkunar atvinnuleysis verði eins mikil og mögulegt er.

Hvetja á til viðhalds íbúðarhúsnæðis, rýmka reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts

Á þenslutímum reynist mörgum heimilum erfitt að fá fagmenn til þess að sinna eðlilegu viðhaldi á fasteignum, hvort heldur það eru íbúðarhús eða sumarbústaðir. Því biða mörg slík verkefni þangað til ástandið á markaðnum róast og hægt er að fá menn til verka. Nú er staðan hins vegar sú að hætt er við að mörg heimili haldi að sér höndum vegna óvissu þótt framkvæmdageta sé fyrir hendi vegna tiltölulega lítilla skulda viðkomandi og þokkalegs atvinnuöryggis.

Séð er fram á allt að 30% atvinnuleysi í byggingariðnaði og skynsamlegt er því að leggja í sérstakt átak til þess að hvetja fólk til að hefja viðhald og endurbætur



á íbúðarhúsnæði og sumarbústöðum. Íbúðalánasjóður býður upp á sérstakan lánaflokk vegna viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði sem ástæða er til að kynna betur og gera notendavænni. Taka þarf upp samstarf við banka til þess að bjóða upp á sérstaka þjónustu vegna fjármögnunar verkefna á verk tíma.

Þá er enn fremur skynsamlegt að rýmka reglur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði. Nú eru 60% virðisaukaskatts endurgreidd. Miklar líkur eru á því að ríkið auki tekjur sínar verulega með því að hækka endurgreiðsluhlutfallið í 75% til 100% og láta ákvæðið ná jafnframt til sumarbústaða. Með því að fólk ráðist nú í viðhald og endurbætur fækkar atvinnulausum í byggingariðnaði og skatttekjur koma inn í stað útgjalda til atvinnuleysisbóta.

Viðskipti á fasteignamarkaðnum hafa dregist mikið saman þrátt fyrir aðgerðir til þess að örva þau. Nauðsynlegt er því að fara yfir hvort skynsamlegt sé að hækka tímabundið hámarksupphæð lána Íbúðalánasjóðs enn frekar en gert hefur verið, t.d. í 25 milljónir króna, til þess að koma meiri hreyfingu á markaðinn.

4. ENDURREISN ATVINNULÍFSINS

- *Styðja við lífvænlegan rekstur og efnahag*
- *Finna leiðir til að fólk haldi heimilum sínum*
- *Fjárfestingasjóður Íslands endurreisi fyrirtæki og komi þeim á markað*
- *Hlutaþrífamarkaður virkur á ný, skattaafsláttur endurvakinn, fyrirtæki geti skráð hlutafé í erlendri mynt*
- *Styðja við nýsköpun, auka tengsl háskóla og atvinnulífs, efla samkeppnissjóði og leggja áherslu á verðmætasköpun*
- *Hlúa að áræðni, framtaki og fjárfestingum og koma í veg fyrir stöðnun*
- *Endurskoða refsingar við sérstakar aðstæður*

4.1 Almenn

Hrun bankanna og samdráttur í efnahagslífi hér á landi og í helstu markaðslöndum okkar gengur nærri efnahag margra íslenskra fyrirtækja. Fyrirtæki sem skulda erlend lán eru mörg hver tæknilega gjaldþrota og háir vextir ganga mjög á eigið fé þeirra fyrirtækja sem skulda í íslenskum krónum.

Margar ástæður eru fyrir því að fyrirtæki eru skuldsett. Mörg hafa nýlega fjárfest í vélum, tækjum, fasteignum eða í öðrum eignum. Önnur eru nýlega stofnuð og fara af stað með takmarkað eigið fé. Enn önnur hafa verið seld með skuldsettum yfirtökum. Þannig má lengi áfram telja en meginatriðið er að í sögu hvers fyrirtækis skiptast oftast á tímabil þar sem skuldir eru miklar eða litlar miðað við umfang starfseminnar.

Tryggja verður að sem minnst verðmæti tapist og lífvænleg fyrirtæki stöðvist ekki

Ótal ástæður valda því að íslenskir bankar og aðrir kröfuhafar íslenskra fyrirtækja þurfa að horfast í augu við það að fyrirtæki sem eru viðskiptavinir þeirra eru í greiðsluvandræðum og rísa ekki undir skuldum sem á þeim hvíla. Meginviðfangsefnið í þessari stöðu er að tryggja að sem allra minnst verðmæti tapist.



Grunnatriði í rekstri hvers fyrirtækis er að það skili framlegð til afskrifta og greiðslu fjármagnskostnaðar og hagnaðar. Meðan slík framlegð er til staðar borgar sig að reyna að viðhalda rekstrinum og gera sitt besta til þess að hagræða, auka tekjur og skapa meiri verðmæti. Þannig er best að halda rekstrinum við og halda atvinnu fyrir starfsfólkið.

Í þeirri fjárhagslegu uppstokkun sem fyrirjábanleg er í atvinnulífinu er nauðsynlegt að fyrirtæki með jákvæða framlegð stöðvist ekki. Þetta þurfa bankar og aðrir kröfuhafar að hafa í huga þegar skuldir eru afskrifaðar eða breytt að hluta til í hlutafé.

Meginmarkmiðið í uppstokkun atvinnulífsins er að skapa samkeppnishæf fyrirtæki sem geta staðið undir lífskjörum í fremstu röð. Því þarf líka að gera kröfur til stjórnenda að þeir standi sig og að þeir erfiðleikar sem atvinnulífið gengur nú í gegnum skili hagkvæmari rekstri og fyrirtækjum í sóknarstöðu.

Því þarf við uppstokkun atvinnulífsins hvarvetna að leggja áherslu á fagmennsku og hafa alla vinnuferla eins sanngjarna, opna og gagnsæja og kostur er. Það eiga ekki að vera sjálfkrafa viðbrögð að skipta út núverandi stjórnendum og eigendum en það á heldur ekki að loka á breytingar. Aðalatriðið er að rekstrarlegur árangur verði í fyrirrúmi og ábyrgð á honum.

Við endurreisn atvinnulífsins blasa við ótal verkefni. Auk þeirra viðfangsefna sem vinna þarf í bönkunum vegna skuldsettra fyrirtækja má nefna uppbyggingu fjárfestingasjóðs á vegum lífeyrissjóðanna, endurreisn hlutabréfamarkaðarins, áframhaldandi nýsköpun í atvinnulífinu og að efla framtak og þor meðal almennings og fyrirtækja.

Fagmennska, gagnsæi og sanngirni eru lykillhugtök við endurskipulagningu

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa beitt sér fyrir því á vettvangi lífeyrissjóðanna að stofnaður yrði á þeirra vegum Fjárfestingasjóður Íslands í því skyni að taka þátt í endurreisn atvinnulífsins. Þessi sjóður getur orðið öflugur með um 75 milljarða króna fjárfestingagetu á þremur árum. Frumvarp um breytingu á lögum um lífeyrissjóði var samþykkt á Alþingi í árslok 2008 í því skyni að auðvelda stofnun hans.

Stofnun Fjárfestingasjóðs Íslands getur haft lykilþýðingu til þess að efla á nýjan leik hlutabréfamarkað í Kauphöllinni. Hlutabréfamarkaðurinn hefur farið illa með hruni bankanna og það þarf að byggja hann upp á nýjan leik. Mikilvægt er að um uppbyggingu markaðarins skapist traust og að fagmennska verði í fyrirrúmi. Þess vegna þarf að leggja mikla áherslu á góða stjórnarhætti hjá skráðum fyrirtækjum og leita á nýjan leik eftir breiðri þátttöku á hlutabréfamarkaðnum.

Nýsköpun í atvinnulífinu er nauðsynleg til þess að viðhalda og efla samkeppnishæfni Íslands. Nú reynir á getu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækja að ná tökum á rekstri, hagræða, sjá tækifæri og gera mikið úr litlu. Í árangursríkri hagræðingu felst mikil nýsköpun. Ennfremur þarf sérstaklega að huga að nýjunugum í rekstri og því sem skilar árangri til frambúðar hvort heldur það er í sprotafyrirtækjum eða í grónum fyrirtækjum. Leggja þarf áherslu á áframhaldandi stuðningsaðgerðir við nýsköpun og reyna að tryggja sem best að sá stuðningur skili sér í arðbærum verkefnum.

Umsýslufélög banka verði opnir sjóðir til að koma eignarhlutum í verð

Á þessum erfiðleikatímum er eðlilegt að mikil gagnrýni beinist að þeim sem hafa teft djart og tapað miklum verðmætum. Erfiðleikarnir bitna á langflestum heimilum og fyrirtækjum í landinu. Við þessar aðstæður leitar fólk og fyrirtæki oft í skjól öryggis og áhættufælni eykst að mun. Fyrir atvinnulífið í heild og framtíð þjóðarinnar er hins vegar ekki æskilegt að áföllin verði til þess að allt of fáir þori að taka áhættu í rekstri eða fjárfestingum. Því þarf að hlúa að framtaki, athafnavilja og áræðni í atvinnulífinu.

4.2 Bankar og uppstokkun fyrirtækja

Mikið mun mæða á bönkum og öðrum fjármálastofnunum vegna uppstokkunar í atvinnulífi og endurskipulagningar á fjárhag heimilanna. Nýju bankarnir hafa komið sér saman um vinnureglur þar sem þeir hafa að markmiði að koma í veg fyrir að tímabundnir erfiðleikar og ósamkomulag kröfuhafa leiði til falls lífvænlegra fyrirtækja. Þetta á að tryggja gegnsæ og sanngjörn vinnubrögð og stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífinu.



Bankarnir munu í störfum sínum styðjast við alþjóðleg viðmið, svokallaða London nálgun (London Approach) sem mynda ramma um úrvinnslu flókinna lánamála og stuðla að yfirveguðum ákvörðunum í hverju máli. Bankarnir hyggjast, saman eða hver um sig, setja á lagginnar umsýslufélög til þess að yfirtaka eignarhluti í fyrirtækjum sem kunna að lenda í höndum þeirra. Markmiðið er að slíkt eignarhald sé tímabundið og að hlutir bankanna verði seldir þegar raunhæfir möguleikar skapast. Einhverjir eignarhlutir geta þó um mjög skamma hríð verið beint í höndum bankanna.

Mestu máli skiptir að rekstur stöðvist ekki ef hann skilar framlegð til að standa undir efnahag og skuldum viðkomandi starfsemi. Í þessu sambandi þarf að horfa til lengri tíma en markast af hinni djúpu efnahagslægð. Meta þarf hvort og hvernig líklegt er að fyrirtækin geti í framtíðinni staðið undir atvinnu og greiðslu vaxta og skilað arði til eigenda og samfélagsins.

Styðja verður við lífvænlega fyrirtæki

Skynsamlegt er að umsýslufélög banka sem taka yfir eignarhluti í fyrirtækjum verði skipulögð sem fjárfestingasjóðir og að þeir verði opnir fyrir utanaðkomandi þátttöku. Slíkt eyðir tortryggni, veitir aðhald og gefur líka færi á því að ná meira áhættufé inn í atvinnulífið. Slíkum fjárfestingasjóðum væri þá ætlað að starfa í 10 til 12 ár og leitast við að koma eignarhlutum sínum í verð, hugsanlega samfara endurskipulagningu, sameiningum og myndun rekstrareininga sem unnt er að skrá í Kauphöllinni. Sjóðirnir geta gegnt mikilvægu hlutverki í að móta öflugt framtíðaratvinnulíf á Íslandi.

4.3 Endurskipulagning fjárhags heimila

Sams konar sjónarmið um fjárhagslega endurskipulagningu gilda um heimilin og fyrirtækin. Mörg heimili lenda í hremmingum vegna tímabundins tekjumissis sem stafað getur af atvinnuleysi, samdrætti í vinnu og verkefnum, hækkunar gengistryggðra skulda eða af öðrum ástæðum. Í þessum tilvikum þurfa bankarnir að vinna með þessum viðskiptavinum sínum og finna leiðir til þess að fólk haldi heimilum sínum. Í langflestum tilvikum er unnt að skuldbreyta lánnum eða endurfjármagna þau og veita ráð og aðhald og gera sameiginlegar áætlanir um

Umsýslufélög banka verði opnir sjóðir til að koma eignarhlutum í verð

útgjöld og sparnað til þess að koma viðskiptavinunum í gegnum erfiðleikana. Þetta eru ennfremur hagsmunir viðkomandi banka. Markmiðið ætti að vera að heimili fólks fari ekki á nauðungaruppboð nema í algerum undantekningartilvikum.

Mikilvægt er að niðurfelling lána eða krafna, s.s. dráttarvaxta og kostnaðar, myndi ekki skattskyldar tekjur hjá viðkomandi einstaklingi. Breyta þarf lögum um tekjuskatt einstaklinga þannig að öruggt sé að aðgerðir til þess að fleyta einstaklingum í gegnum mikla fjárhagserfiðleika falli ekki um sig sjálfar vegna þess að skattar hækki á móti lækkun krafna.

4.4. Fjárfestingasjóður Íslands


Á vettvangi lífeyrissjóðanna er nú verið að fjalla um stofnun Fjárfestingasjóðs Íslands og þátttöku þeirra í uppbyggingu hans. Þetta er að undirlagi Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands en með stuðningi ríkisvaldsins og Alþingis sem birtist í nýsamþykktum breytingum á lögum um lífeyrissjóði.

Sjóður með þátttöku allra lífeyrissjóða

Mikilvægt er að vel takist til með uppbyggingu og starfsemi væntanlegs Fjárfestingasjóðs. Hlutverk hans og markmið er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn atvinnulífsins. Ætlunin er að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru fjárhagslega illa stöðd en með álitlega rekstrarstöðu og skila þeim áfram þannig að þau geti orðið sterkur hlekkur í íslensku atvinnulífi. Fjárfestingar sjóðsins munu ráðast af væntanlegri arðsemi og ekki verður gerður greinarmunur á fyrirtækjum eftir atvinnugreinum.

Allir lífeyrissjóðir munu þurfa að skuldbinda sig til þátttöku í sjóðnum í þrjú ár. Reiknað er með því að á þessum þremur árum renni allt að 25 milljarðar króna árlega inn í sjóðinn þannig að heildarfjárfestingar hans verði allt að 75 milljarðar. Líftími sjóðsins er áætlaður um 10 ár og að allar eignir hans hafi þá verið seldar.

Mikil áhersla verður lögð á fagmennsku í starfsemi sjóðsins og aðkomu að fyrirtækjum. Leitast verður við að ná saman þekkingu lífeyrissjóðanna og nægilegri viðbótarþekkingu til þess að tryggja góðan árangur af starfsemi sjóðsins.



Lífeyrissjóðirnir munu á næstu árum verða fyrir mikilli ásókn og mikilvægt er að tryggja að aðkoma þeirra að endurreisn atvinnulífsins skili þeim góðum arði á sama tíma og slík aðkoma hefur lykilþýðingu fyrir atvinnulífið og uppbyggingu virks hlutabréfamarkaðar.

Staða lífeyrissjóðanna og geta þeirra til þess að greiða lífeyrisþegum lífeyri stendur í beinu samhengi við styrk atvinnulífsins. Því er aðkoma þeirra að uppbyggingu fyrirtækja eðlileg og nauðsynleg. Lífeyrissjóðir gegna mikilvægu hlutverki fagjáfresta sem gera kröfur til góðra stjórnarháttanna í fyrirtækjum og þurfa að hafa virkt eftirlit með fjárfestingum sínum.

4.5 Endurreisn hlutabréfamarkaðar í Kauphöllinni

Íslenskur hlutabréfamarkaður varð fyrir miklu áfalli við hrun viðskiptabankanna þriggja, enda nam markaðsverðmæti fjármálafyrirtækja fyrir þann tíma yfir 80% af samanlögðu markaðsverðmæti skráðra félaga í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi. Fyrir hrunið var meðalvelta með hlutabréf félaga í úrvalsvísitölunni um 9,8 milljarðar króna á dag, en eftir það var meðalveltan einungis um 81 milljónir króna. Lækkunin er hvorki meira né minna en liðlega 99%.

Einungis sex félög mynda nú úrvalsvísitölu kauphallarinnar og hafa þau aldrei verið færri. Það eru félögin Alfesca, Bakkavör Group, Icelandair Group, Marel, Össur og Straumur. Þegar best lét voru skráð félög á aðallista kauphallarinnar 75 talsins en það var árið 2001, en þeim fækkaði síðan og voru 26 á árinu 2007 og 20 í ágúst 2008.

Aldrei hafa færri félög myndað úrvalsvísitöluna

Í kjölfarið hefur einnig dregið úr viðskiptum með hlutabréf þeirra félaga sem enn eru á markaðnum, mest með hlutabréf í Eimskipum og Atorku. Samanlögð velta með hlutabréf í kauphöllinni árið 2008 nam aðeins 1.205 milljörðum króna, en var 3.096 milljarðar króna 2007. Velta á fjórða ársfjórðungi 2008 var aðeins 57 milljarðar króna. Úrvalsvísitala kauphallarinnar lækkaði úr 6.144 stigum í byrjun árs 2008 niður í liðlega 3.000 stig í byrjun október. Hún hrapaði niður í 650 stig

Þegar viðskipti í kauphöll hófust á ný um miðjan október og var aðeins 352 stig í árslok. Er ekki kunnugt um svo mikla lækkun hlutabréfaverðs meðal þróaðra þjóða í seinni tíð.

Fyrir bankahrunið var samanlagt markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöllinni um 1.500 milljarðar króna en það samsvarar um 120% af landsframleiðslu. Er þetta svipað hlutfall og algengt er í þeim löndum sem fremst standa í efnahagsmálum. Eftir hrunið er markaðsvirði skráðra félaga aðeins um 330 milljarðar króna eða um 22% af landsframleiðslu (nóvember 2008), sem þýðir að hlutabréfamarkaðinn hér á landi er nú mun minni en í þessum löndum.

Skuldabréfamarkaðurinn laskaðist einnig nokkuð, en verður að öllum líkindum fljóttur að ná sér. Hefur velta á markaðnum aukist að undanfögnu og standa vonir til þess að þessi markaður verði áfram öflugur á næstu misserum, enda verður þörf fyrir nýjar útgáfur skuldabréfa mikil meðal annars af hálfu opinberra aðila. Velta með skuldabréf á árinu 2008 var 5.225 milljarðar króna og röskegla tvöföld miðað við árið áður, þegar hún var 2.430 milljarðar króna.

Virkur hlutabréfamarkaður er nauðsynlegur fyrir öflugt efnahagslíf

Hlutabréfamarkaðurinn hefur grundvallarþýðingu fyrir efnahags- og atvinnulíf hvernar þjóðar. Hann er mjög mikilvæg uppspretta fjármagns fyrir atvinnulíf og er ennþá mikilvægari þegar lánsfjárrúð ríkir. Þegar hlutafé fyrirtækja er skráð á opinberum markaði gerir það þeim mögulegt að afla viðbótarfjármagns til fjárfestinga með sölu nýs hlutafjár og eru þau því ekki eins háð lánsfé. Þá auðveldar hlutabréfamarkaður endurskipulagningu í atvinnulífinu og eykur sveigjanleika. Mikil upplýsingaskylda er gerð til skráðra félaga, sem leiðir til aukins aga, vandaðra stjórnarháttá auk gagnsæis og skilvirkni í rekstri. Hlutabréfamarkaður er einnig mikilvægur frá sjónarhóli fjárfesta. Skilvirk viðskipti með hlutabréf fela í sér að eignarhlutir í félögum verða auðseljanlegir. Þau færa fjárfestum því álitlega fjárfestingarkosti sem oft bera meiri arð og eru seljanlegri en aðrir kostir svo sem fjárfesting í fasteignum. Sagan sýnir að skilvirkur hlutabréfamarkaður er einnig óaðskiljanlegur frá öflugu efnahagslífi og hagvexti meðal allra þróaðra velferðarríkja.


Reynslan hér á landi staðfestir framangreint. Á fyrri hluta tíunda áratugarins

gegndi hlutabréfamarkaðurinn mikilvægu hlutverki í bæði hagræðingu og nýsköpun. Hann greiddi fyrir hagræðingu í sjávarútvegi og sá vaxtar- og sprotafyrirtækjum fyrir fjármagni. Þá gegndi markaðurinn lykilhlutverki í því að greiða fyrir einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Með hliðsjón af mikilvægi þessa markaðar er gagnlegt að líta nánar yfir reynsluna undanfarin ár.

Grunnur að skipulegum verðbréfamarkaði var lagður í lögum um Seðlabanka Íslands árið 1984 en þau heimiluðu slíka starfsemi. Í byrjun voru einungis viðskipti með spariskírteini ríkissjóðs og síðar með húsbref. Verðbréfaþing Íslands var stofnað 1985, en fyrstu viðskiptin með hlutabréf þar voru ekki fyrr en 1991. Skráðum félögum fjölgaði síðan ört fram að aldamótum og voru þau orðin 75 árin 1999 og 2000. Upp frá því hefur skráðum félögum hins vegar fækkað mjög og voru þau 26 árið 2007 og 20 fyrir hrun bankanna síðasta haust. Framan af voru sjávarútvegsfyrirtæki áberandi og á árinu 2003 voru 17 sjávarútvegsfyrirtæki á skrá í kauphöllinni. Þau voru þó síðan afskráð eitt af öðru og er nú svo komið að einungis eitt sjávarútvegsfyrirtæki er skráð á aðallista kauphallarinnar. Á sama tíma jókst vægi fjármálafyrirtækja verulega og nam markaðsverðmæti þeirra yfir 80% af markaðsverðmæti alls fyrir bankahrunið haustið 2008.

Hlutabréfamarkaður auðveldar hagræðingu og nýsköpun


Skráð félög á aðallista kauphallarinnar



Hlutabréfamarkaður hér var stærstur á Norðurlöndum 2006


Á aðeins 18 ára tímabili urðu miklar breytingar og framþróun á hlutabréfamarkaðnum og gekk hann í gegnum mikið þroskaskeið. Markaðurinn var í fyrstu mjög lítill og veikburða og var heildarmarkaðsvirði skráðra hlutabréfa aðeins 14,6 milljarðar króna árið 1992 eða innan við 4% af landsframleiðslu. Í árslok 2006 hafði markaðsvirði félaga í kauphöllinni hins vegar vaxið í 227% af landsframleiðslu og jókst enn fram yfir mitt ár 2007. Íslenski hlutabréfamarkaðinn var því orðinn sá stærsti á Norðurlöndum í hlutfalli við landsframleiðslu og hélst sú staða fram yfir mitt ár 2008, þrátt fyrir lækkanði hlutabréfaverð og markaðsvirði.

Markaðsvirði félaga í kauphöllinni í % af VLF Virði í árslok



Verðþróun hlutabréfa samkvæmt úrvalsvisitölunni talar einnig sínu máli. Eftir jafna hækkun visitölnnar á árinu 2002 og fyrri hluta 2003, hækkaði hún samfelld og ört hækkun allt til febrúar 2006. Í kjölfar lækkunar sem þá varð, tók visitalan á ný að hækka mjög ört, uns hún náði hámarki í 9.017 stigum þann 18. júlí 2007. Frá því lækkaði visitalan niður í liðlega 3.000 stig í byrjun október 2008. Eftir að viðskipti hófust á ný lækkaði hún í um 650 stig og hélst nálægt því gildi, uns hún lækkaði niður fyrir 400 stig og var 352 í árslok 2008.

Úrvalsvisitalan OMX115



Kennitölur síðustu ára staðfesta að margt var sammerkt með þróuninni hér á landi og á Norðurlöndum. Veltuhraði og dýpt eru mikilvægir mælikvarðar á þroska hlutabréfamarkaðar. Undanfarin ár var veltuhraði, þ.e. hlutfall veltu af markaðsvirði, svipaður hér á landi og í nágrennaríkjunum. Þá voru sveiflur í dagslokagildi vísitölu aðallista einnig svipaðar.

Íslenski markaðurinn hefur engu að síður haft sín sérkenni. Hann var stærsti markaðurinn miðað við hlutfall markaðsvirðis af landsframleiðslu og fjárhæð hvernna viðskipta var mun hærri en á Norðurlöndum. Veltuhraðinn var einnig sveiflukenndari og árstíðabundnari en hjá nágrennaríkjunum. Skýringin á þessu er trúlega sú að markaðsaðilar hafa verið fáir og stórir. Viðskipti verða því færri, stærri og eiga sér í meira mæli stað utanþings en gengur og gerist á öðrum mörkuðum.

Þrátt fyrir hraðan vöxt og góðan árangur undanfarin ár, hefur hlutabréfamarkaðurinn þó ekki uppfyllt að öllu leyti vonir um að hann yrði farvegur fyrir langtímasparnað. Má þar eflaust einnig kenna um að smám saman urðu skráð félög í kauphöllinni einsleit, og fjármálafyrirtæki og fjárfestingarfélög sem fjárfestu í þeim urðu ráðandi.

Auka þarf langtímasparnað í hlutabréfum

Reynsla erlendis sýnir að hlutabréf eru góð eign til lengri tíma

Reynsla annarra þjóða staðfestir engu að síður ótvírætt að fjárfesting í hlutabréfum hefur verið góð viðbót í eignasöfn heimila og lífeyrissjóða til lengri tíma lítið. Meðal þróaðra ríkja sem búa við mesta velsæld gegnir hlutabréfamarkaður lykilhlutverki og hvergi er hann nú svo smár sem raun ber vitni hér á landi. Með þetta í huga er ljóst að endurreisn hlutabréfamarkaðarins er lykilkþáttur í uppbyggingarstarfi í íslenskum þjóðarbúskap á næstu misserum. Byggja þarf upp að nýju traust á markaðnum meðal annars með aukinni upplýsingagjöf. Öflugir hlutabréfa- og skuldabréfamarkaðir auðvelda íslenskum fyrirtækjum aðgengi að erlendu fjármagni. Í uppbyggingarstarfi er eðlilegt að byggja á því sem vel hefur verið gert í kauphallarviðskiptum á liðnum árum og nýta styrkleika sem kauphöllin býr yfir, svo sem því að hún er hluti af alþjóðlegu fyrirtæki sem rekur næst stærstu kauphöll í heimi og býr yfir fullkomnu og hraðvirku viðskiptakerfi.


Hlutabréfamarkaður er lykilkþáttur við endurreisn atvinnulífsins

Jafnframt þarf að meta hvort breytinga er þörf á regluverki til að tryggja skilvirka verðmyndun. Í því efni þarf einnig að tryggja að smærri fyrirtæki eigi greiðan aðgang að hlutabréfamarkaði án yfirþyrmandi regluverks.

Endurskipulagning atvinnulífsins þarf einnig að fela í sér að selja ríkisfyrirtæki, enda er það svo að í þeim ríkjum sem standa fremst á sviði efnahagsmála gegnir ríkið hvergi jafn stóru hlutverki og reyndin er orðin hér á landi. Hlutabréfamarkaðurinn er mikilvægt tæki í þessu skyni þar sem hann býður upp á opna, hagkvæma, gagnsæja og skilvirka leið til að koma ríkisfyrirtækjum í eigu almennings, fyrirtækja, sjóða og stofnana.

Eitt helsta sérkenni og veikleiki íslenska markaðarins hefur verið lítil þátttaka erlendra fjárfesta í viðskiptum. Aðkoma þeirra hefur vissulega verið auðvelduð með samruna Kauphallar Íslands við erlenda kauphöll og samþættingu viðskiptakerfa. Meginhindrun erlendra fjárfesta, íslenska krónan, er þó ennþá til staðar. Erlendir fjárfestar forðast íslenska gjaldmiðilinn vegna smæðar og veikleika hans.

Unnið hefur verið að úrræðum sem vinna gegn þessari hindrun. Annars vegar er þar um að ræða heimild til þess að fyrirtæki sem eru að verulegu leyti háð viðskiptum í erlendum gjaldmiðlum geti fært bókhald sitt og samið ársreikning í erlendum gjaldmiðli (erlend starfrækslumynt). Vegna gifurlegrar veikingar



krónunnar á síðasta ári varð þessi leið mjög mikilvæg og samþykkti Alþingi í lok síðasta árs að heimila þessa leið afturvirkir vegna þess árs og með skemmri fyrirvara vegna ársins 2009. Hins vegar er sá möguleiki að fyrirtæki geti skráð hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Mikill áhugi hefur verið á slíku meðal skráðra fyrirtækja sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum og hafa tekið upp erlenda starfsrækslumynt. Nokkur félög hafa þegar tekið ákvörðun um þetta efni og önnur lagt drög að henni. Óheppilegt er að verðmæti íslenskra fyrirtækja sem starfa á alþjóðlegum markaði sveiflist eftir gengisflökti íslensku krónunnar. Slíkar sviptingar fæla erlenda fjárfesta frá félögum og viðskiptum á íslenska markaðnum almennt. Tilgangur þess að skrá hlutaféð í erlendum gjaldmiðli er því einkum sá að ná fram auknum stöðugleika í verði hlutabréfa.

Ýmsir annmarkar hafa komið í veg fyrir að fyrirtæki gætu hrint slíkri breytingu í framkvæmd. Seðlabanki Íslands gerði á sínum tíma athugasemdir við áform skráðs félags um að hefja skráningu hlutabréfa sinna í evrum. Bankinn taldi að lagastöð skorti fyrir því að lokauppgjör hvers dags færi í gegnum stórgreiðslukerfi annars banka en Seðlabanka Íslands. Í framhaldi af þessu var lögum um rafræna skráningu verðbréfa breytt á árinu 2008. Tilgangurinn var að tryggja að peningalegt uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendum gjaldmiðlum geti óhindrað farið fram með því að verðbréfamíðstöð hafi milligöngu um uppgjör þeirra. Þá hefur Verðbréfaskráning Íslands unnið að því í samstarfi við Seðlabanka Finnlands að bankinn taki að sér að annast uppgjör viðskipta í evrum. Sú framkvæmd tafðist þó einnig af tæknilegum ástæðum og hefur ekki komið til framkvæmda. Ekki verður betur séð en gildandi gjaldeyrishöft útiloki almennt viðskipti í kauphöll hér á landi með hlutabréf í erlendri mynt. Þörfin hefur þó vart minnkað. Þarf því að vinna áfram að undirbúningi málsins þannig að viðskipti með hlutabréf í erlendri mynt geti hafist jafnskjótt og gjaldeyrishöftum verður aflétt.

Nauðsynlegt er að fyrirtæki geti skráð hlutafé í erlendri mynt

4.6. Nýsköpun

Á undanfönum árum hafa stjórnvöld eftt samkeppnissjóði til að styðja við rannsóknir og nýsköpun. Það er alger nauðsyn að halda fast við þá stefnu sem mörkuð hefur verið og er fagnaðarefni að aukin framlög til sjóðanna voru staðfest í

Verðmætasköpun er nauðsynlegt markmið rannsókna og nýsköpunar


fjárlagafrumvarpi ársins 2009. Á erfiðum tímum er nauðsynlegt að hlúa vel að útsæðinu og þeim verkefnum sem efla samkeppnishæfni atvinnulífsins í bráð og lengd.

Leggja verður áherslu á verðmætasköpun við ákvörðun um styrki til einstakra verkefna. Það hefur ítrekað komið fram í samanburði við önnur lönd að rannsóknir á Íslandi skapa mikla þekkingu en þegar kemur að nýtingu hennar og tengsl við atvinnulíf standa aðrar þjódir mun framar. Það hefur einnig komið fram að íslensk fyrirtæki leita síður til háskóla um þekkingu og samstarf við nýsköpun en fyrirtæki í nálægum löndum. Þetta verður að breytast með því að beina rannsóknum innan háskólanna í auknum mæli inn á þau svið sem nýtast atvinnulífinu. Háskólarnir verða að tengjast betur við atvinnulífið og brjóta verður niður múra sem eru til staðar í dag. Ef það tekst sjá allir mikilvægi þess að auka og bæta menntun og rannsóknir í háskólunum og veita til þeirra nauðsynlegu fjármagni. Háskólasamfélagið má ekki loka sig af það verður að vera í góðum tengslum við land og þjóð.

Til þess að efla rannsóknir og nýsköpun í landinu getur þurft að skoða frá grunni skipulag stofnana og innviði rannsókna til að nýta betur þekkingu, aðstöðu og fjármuni. Þetta getur kallað á sameiningu stofnana og skóla og endurskipulagningu þeirra en markmiðið hlýtur að vera að styðja við verðmætasköpun í þjóðfélaginu.

Háskólar verða að sækjast eftir tengslum við atvinnulíf

Sá stuðningur sem veittur hefur verið til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja úr opinberum sjóðum hefur skilað sér margfalt og eins og umsvif og skattgreiðslur Marel sanna. Öllum er kunnur uppruni þess fyrirtækis í samstarfi Háskóla Íslands og sjávarútvegsfyrirtækja. Á þessu ári hefur starfsemi sína Frumtak, samlagssjóður sem ætlað er að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn er í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, lífeyrissjóða og viðskiptabankanna. Stofnfé sjóðsins er rúmí 4 milljarðar króna. Enginn vafi er á því að starfsemi þessa sjóðs getur orðið til mjög góðs og hann staðið við bakið á fyrirtækjum sem nýta þekkingu, hugvit og áræðni frumkvöðla og annara sem búa yfir vænlegum hugmyndum að nýjum fyrirtækjum.



Stjórnvöld hafa einnig ákveðið að nýsköpunar- og sprotafyrirtæki geti fengið tímabundnar greiðslur úr atvinnuleysistryggingarsjóði með svokölluðum frumkvöðlasamningi. Samningar þessir hvetja fyrirtæki til að ráðast í ný þróunarverkefni og stuðla að því að til verði störf sem staðið geta til frambúðar.

Á vegum stjórnvalda eru unnin fjölmörg verkefni sem tengjast vöktun ýmis konar, rannsóknum á náttúrufari, rekstri gagnagrunna, rannsóknarstofur. Þau má auðveldlega má fela einkareknum fyrirtækjum. Með auknum útboðum og með því að skilgreina einstök verkefni sem vinna þarf og ríkið fjármagnar má auka sveigjanleika og nýta betur þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru.

Það er mikilvægt að viðurkennd verði til jafns við aðrar greinar nýsköpun í þjónustustarfsemi og eins í svokölluðum skapandi greinum. Víða um land má sjá hvernig uppbygging í ferðaþjónustu og menningartengdar afurðir og atburðir skipa stöðugt stærri sess í atvinnulífinu. Menning og listsköpun hafa eflst stórlega á liðnum árum og margir einstaklingar og fyrirtæki á þessu sviði skapa umtalsverðar tekjur erlendis. Þessar greinar hafa ekki átt greiða leið að samkeppnissjóðum og stuðningi við verkefni og þurfa að öðlast jafnan sess á við aðrar atvinnugreinar.

Nauðsynlegt er að erlendir vísindamenn og einstaklingar með sérhæfða þekkingu sem eflt getur nýsköpun fái skjóta afgreiðslu á umsóknum um dvalarleyfi fyrir sig og fjölskyldur sínar.

Mikil nýsköpun á sér stað í þjónustu, skapandi greinum og menningu

Rannsóknir, nýsköpun og vöruþróun eru lykilþættir fyrir uppbyggingu íslensks atvinnulífs í bráð og lengd og opinber stuðningur skilar sér margfalt. Besta leiðin til þessa er að efla samstarf atvinnulífs og háskóla, að efla samkeppnissjóði og styðja við stofnun nýrra sjóða um áhættufjármögnun.

4.7. Framtak, ábyrgð og athafnavilji

Hverri þjóð er nauðsyn að eiga áræðna einstaklinga sem hafa þor til þess að taka áhættu af rekstri og fjárfestingum í atvinnulífi. Án framtaks í atvinnulífi verður fljótt stöðnun meðal þjóðarinnar og lífskjörum hrakar. Því er nauðsynlegt að hlúa


að framtaki í atvinnulífinu og að það sé eftirsóknarvert leggja sig fram og ná árangri í atvinnurekstri.

Í kjölfar hruns bankanna hefur mikið verið fjallað um ábyrgð forráðamanna í atvinnulífi og settar fram ýmsar kröfur á hendur þeim sem réðu fyrir fyrirtækjum og starfsemi sem hefur lagst undir lok. Allir sem standa að atvinnurekstri þurfa að standa skil á lögmæti sinna verka og ákvarðana og enginn getur búist við því að vera undanþeginn slíkri ábyrgð.

Fjölmargir sem hafa lagt fé í atvinnurekstur eða eignast skuldabréf eða kröfur á banka eða önnur fyrirtæki sem verða fyrir fjárhagslegum skakkaföllum bíða verulegt tjón af. Markaðsverð hlutabréfa í kauphöllinni lækkaði úr 2.600 milljörðum króna í ársbyrjun 2008 í 333 milljarða króna í árslok og minnkuðu eignir þeirra sem fjárfestu í þessum hlutabréfum samsvarandi. Í fjölmörgum fyrirtækjum sem ekki eru skráð á markað er verið að færa niður hlutafé og eignir lánadrottna. Reynt er að finna nýjan og minni efnahag sem viðkomandi rekstur fær risið undir. Í þessu felst mikið verðmætatap sem ekki hefur verið lagt mat á. Erlendir lánadrottnar og eigendur að eignarhlutum í íslenskum fyrirtækjum standa frammi fyrir miklu fjárhagslegu tjóni og eru auk þess í fjötrum gjaldeyrishafta og ófrjálsir að því að ráðstafa eignum sínum.

Því er eðlilegt að reikna með því að mjög dragi úr vilja einstaklinga, fyrirtækja og annarra aðila, innlendra sem erlendra, til þess að taka áhættu á fjárfestingum í íslensku atvinnulífi. Það bætir heldur ekki úr skák ef neikvætt almennt viðhorf til þeirra sem tapað hafa miklum verðmætum verður til þess að fæla menn frá þátttöku í atvinnurekstri.

Sjálfsgagt er að gagnrýna græðgi og óhóf þar sem slíkt hefur ráðið ferðinni í atvinnulífi, opinberum rekstri eða einkalífi forráðamanna fyrirtækja og annarra ráðamanna. Endurmat sem byggir á þannig gagnrýni er nauðsynlegt þegar íslenskt atvinnulíf og þjóðin öll verða fyrir áfalli eins og nú hefur gerst. Málefnaleg og rökstudd gagnrýni leiðir til aukins innri styrks og bætts siðferðis í atvinnulífinu og samfélaginu öllu.



Gera verður greinarmun á græðgi og heilbrigðum metnaði til þess að ná árangri fyrir sig og sína. Einnig verður að gera greinarmun á óhófi og því að njóta velgengni á ábyrgan hátt og deila henni með fjölskyldu, vinum og samfélaginu öllu. Það þarf andlegan styrk og skynsemi til þess að taka réttar ákvarðanir þegar vel gengur ekki síður en þegar illa gengur. Vissulega sáust margir ekki fyrir í fjárfestingum, neyslu eða öðrum umsvifum þegar vel gekk og hafa tapað miklum verðmætum og fall þeirra hefur líka orðið allri þjóðinni til tjóns.

Þeir sem leggja fé í atvinnurekstur og ráða honum geta heldur ekki beðist undan fjárhagslegri ábyrgð á eigin gerðum. Það er grundvallaratriði fyrir heilbrigða uppbyggingu atvinnurekstrar að eigendur eða fjárfestar standi og falli með verkum sínum, uppskeri þegar vel gengur og tapi þegar illa fer. Oft ræður heppni eða óheppni gangi rekstrarins en það breytir í raun engu um ábyrgð, hagnað og tap.

Aðalatriðið er að horfast í augu við tapið þegar það skellur á og reyna að skapa sem bestar aðstæður til þess að byggja upp og sækja fram á nýjan leik. Fyrirtæki sem verða fyrir skakkaföllum en þrauka samt þurfa að geta rétt úr kútnum á ný. Einstaklingar og fjárfestar sem tapa áhættufé sínu þurfa að eiga sanngjarna möguleika til þess að byggja upp rekstur á ný og skapa störf og verðmæti fyrir samfélagið.

Alltaf þarf að gera kröfu til þess að atvinnurekstur sé stundaður af fullri ábyrgð gangvart lögum og reglum samfélagsins, bæði skráðum sem og almennum siðferðislögmálum. Heiðarleiki þarf að borga sig og refsa verður fyrir óheiðarleika. Undan þessu á enginn að geta vikist. Leikreglurnar eru settar ekki bara til þess að leggja skyldur á þann sem stundar atvinnurekstur heldur líka til þess að færa honum réttindi. Mikilvægt er að öll fyrirtæki geti treyst því að njóta þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt lögum og eins að allir keppinautar og önnur fyrirtæki fari eftir þessum sömu sömu lögum og búi við sömu skyldur og sömu réttindi.

Fyrirkomulag refsinga fyrir brot á lögum og reglum þarf annars vegar að stuðla að því að ákvæðum þeirra sé framfylgt en hins vegar þurfa refsingar að vera í samhengi við tilefni og aðstæður, vera almennt samkvæmar innbyrðis og í takt við almenna réttarvitund og sanngirni. Óhóflegar refsingar og ósanngjarnar geta

Þeir sem leggja fé í atvinnurekstur geta ekki beðist undan fjárhagslegri ábyrgð

Leikreglurnar færa mönnum bæði réttindi og skyldur

Þannig fælt menn frá því að leggja í atvinnurekstur en það bitnar á samfélaginu öllu og vinnur gegn þeim markmiðum sem refsingunum er ætlað að ná.

Í erfiðleikunum nú hafa komið í ljós ákveðnir veikleikar í ákvæðum laga, þ.m.t. refsíákvæðum sem snúa að atvinnurekstri. Þannig liggur t.d. fyrir að fjölmörg fyrirtæki eru tæknilega gjaldþrota vegna gengisfalls krónunnar en engum er í hag að forráðamenn þessara fyrirtækja stöðvi rekstur þeirra eins og ákvæði gjaldþrotalaga og hlutafélagalaga gefa auðveldlega tilefni til.

Ákvarðanir um refsíákvæði laga eru vandasamar því að þau gegna veigamiklu hlutverki á sama tíma og þau geta aldrei orðið fullkomin eða náð með sanngjörnum hætti til allra tilvika sem upp koma og ekki eru fyrir séð. Nú þarf fyrst og fremst að endurskoða samspil hegningarlaga við skattalög, hlutafélagalög, gjaldþrotalög og lög um bókhald og ársreikninga í því skyni að mönnum sé ekki með ósanngjörnum hætti refsað fyrir að halda úti starfsemi sem orðið hefur fyrir stórkostlegu utanaðkomandi áfalli.

Endurskoða þarf refsíábyrgð stjórnenda fyrirtækja samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt. Samkvæmt núgildandi lögum eru vanskil á lögboðnum opinberum gjöldum refsiverð jafnvel þótt féleysi einu sé um að kenna. Eigi fyrirtæki ekki fyrir vörslusköttum á gjalddaga eiga fyrirsvarsmenn fyrirtækja við núverandi aðstæður því þann kost einan að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta til að tryggja að þeir verði ekki persónulega refsíábyrgir.

Framtak og áræðni skapa störf í atvinnulífinu

Erfiðleikarnir mega ekki verða til þess að drepa niður framtak og áræðni í atvinnulífinu. Einstaklingar verða að þora áfram að leggja fé í atvinnurekstur, fyrirtæki að leggja fé í fjárfestingar, að auka umsvif sín og að ráða fólk í vinnu. Það er framtakið og viljinn til þess að taka áhættu sem skapar störf sem á þarf að halda.

Erlendir aðilar verða líka að þora að taka áhættu á Íslandi á nýjan leik. Án aðgangs að erlendu lánsfé eða erlendu áhættufé verða efnahagserfiðleikarnir á Íslandi mun meiri og langvinnari en ella.



Á margan hátt gilda sambærileg sjónarmið fyrir fjárfestingar einstaklinga í íbúðarhúsnæði og aðrar fjárfestingar sem ekki tengjast atvinnurekstri. Fjölskylda sem tekur lán og fjárhagslega áhættu til þess að koma sér þaki yfir höfuðið er vissulega að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og til eigin velferðar. Það er því samfélagslega mikilvægt að virkja slíkt framtak og viðhalda því eins og kostur er.

Aðstoða verður heimili til að komast yfir erfiðleika

Þess vegna gildir það sama um heimili og fyrirtæki þegar fjárhagslegar hamfarir ganga yfir. Mörg heimili lenda í erfiðleikum vegna fjárhagslegra ráðstafana sem undir öllum eðlilegum kringumstæðum geta gengið vel þótt einhverjir hafi færst of mikið í fang. Það verður að líta á greiðslugetu viðkomandi til lengri tíma og finna leiðir til þess að eignir og skuldir verði í samhengi við langtíma greiðslugetu. Það er engum greiði gerður með því að knýja einstaklinga og heimili í gjaldþrot meðan greiðslugeta og vilji til að standa í skilum eru til staðar.

Sama á við um heimili og fyrirtæki

Á undanföllum tveimur áratugum hafa orðið mikilvægar breytingar á skilyrðum atvinnurekstrar á Íslandi sem hafa ýtt undir framtak, getu og þor til þátttöku í atvinnurekstri. Þessar breytingar felast fyrst og fremst í frjálsræðisþróun og nútímavæðingu á öllum sviðum viðskipta og atvinnulífs í framhaldi af inngöngu Íslands í EES. Ennfremur hefur skattkerfið stutt vel við uppbyggingu atvinnulífsins og lykilorð þess eru lágur fyrirtækjaskattur (15%), einfaldur 10% fjármagnstekjuskattur og einfaldur tekjuskattur einstaklinga með tiltölulega háum persónuafslætti og einni skattþrosentu.

Þessa grundvallarþætti skattkerfisins er nauðsynlegt að varðveita enda hafa þeir reynst vel.

Hin mikla verðbólga hefur reyndar hækkað mjög skattbyrðina af 10% fjármagnstekjuskatti vegna þess að hann leggst á allar fjármagnstekjur en ekki á rauntekjur umfram verðbólgu. Þannig er skattbyrðin af 5% rauntekjum í 20% verðbólgu yfir 50% af rauntekjum. Því er brýnt að verðbólgan hjaðni og verði á sama stigi og í nágrannalöndum okkar. Annars fær þessi skattlagning ekki staðist.

Varðveita verður eiginleika skattkerfisins. Í 20% verðbólgu er fjármagnstekjuskattur yfir 50% að raunvirði

Á árunum 1984–2002 var talið nauðsynlegt að veita einstaklingum sérstakan skatt-
afslátt vegna kaupa á hlutabréfum til þess að byggja upp hlutabréfamarkaðinn og

hvetja almenning til að taka þátt í atvinnurekstri. Þessi ráðstöfun var tímabundin og lögð af eftir að hlutabréfamarkaðurinn var kominn sæmilega á legg. Þetta hafði mjög jákvæð áhrif og má sem dæmi nefna að 15 þúsund einstaklingar nýttu sér þessa ívölnun í skattframtali 2001 fyrir tekjuárið 2000.

Endurvekja ætti skattaafslátt
vegna hlutabréfakaupa

Ástæða er til þess að endurvekja nú þetta fyrirkomulag þar sem hlutabréfamarkaðurinn hefur fallið svo sem raun ber vitni. Æskilegt er að einstaklingar fái skattaívilnanir vegna kaupa á hlutum í skráðum félögum og fjárfestingarsjóðum, s.s. Fjárfestingarsjóði Íslands eða umsýslufélögum á vegum bankanna. Þessi aðgerð flýtir fyrir enduruppbyggingu hlutabréfamarkaðarins og virkjar almenning til þátttöku í atvinnurekstri.

5. UMHVERFISMÁL OG ORKUNÝTING

- *Draga verður almennt úr ústreymi gróðurhúsalofttegunda á næstunni.*
- *Standa vörð um árangur og sérstöðu Íslands í orkunýtingu.*
- *Tryggja að áfram verði unnt að reisa starfsemi sem nýtir endurnýjanlega orku.*
- *Samkeppnisstaða orkufrekrar starfsemi verði eins og best gerist.*

5.1. Almenn t

Íslensk fyrirtæki hafa á síðustu árum og áratugum stórbætt umgengni sína við umhverfið, náttúru landsins og auðlindir. Mörg þeirra hafa skipað sér í fremstu röð á sínu sviði. Íslenskur sjávarútvegur og orkufyrirtæki leggja megináherslu á sjálfbæra nýtingu auðlindanna. Smám saman hafa kröfur aukist og hafa fyrirtækin aðlagast þeim án stórra vandkvæða.

Loftslagsbreytingar eru fyrst og fremst taldar stafa af ústreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu kola, olíu og jarðgass. Skógareyðing á einnig stóran þátt í þessum breytingum. Loftslagsbreytingar geta haft mikil áhrif á vöxt og viðgang sjávarstofna hér við land. Um leið felast tækifæri í því fyrir Ísland að kynna sig sem eitt sjálfbærasta hagkerfi heims sem nýtir hreina orku í meira mæli en flest önnur ríki í heiminum. Tækifærin felast í áframhaldandi sókn til nýtingar hreinnar orku, nýsköpunar á þessu sviði og með því að nýta á alþjóðavettvangi þekkingu á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Á næstu árum og áratugum mega bæði atvinnulíf og almenningur gera ráð fyrir auknum kröfum í þá átt að draga úr ústreymi, t.d. í samgöngum. Þá er mikilvægt að ekki verði gerðar frekari kröfur til einstakra fyrirtækja og atvinnugreina en gilda um sambærileg fyrirtæki í nálægum löndum. Það getur einungis orðið til þess að starfsemin flyst um set og byggist upp þar sem kröfur eru minni og nýtt verða kol til orkuframleiðslunnar.

Gera má ráð fyrir kröfum um minna ústreymi gróðurhúsalofttegunda

Íslensk stjórnvöld hljóta að tryggja að árangur og sérstaða Íslands í orkunýtingu hljóti viðurkenningu áfram þannig að unnt verði að nýta orkulindirnar í samræmi við stefnu um nýtingu þessara auðlinda með tilliti til náttúrverndar og annara sjónarmiða. Það má færa að því gild rök að með nýtingu endurnýjanlegra orkulinda hér á landi sparist nú þegar útstreymi gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu sem samsvarar margföldu heildarútstreymi á landinu.

Enginn vafi er á að mörg tækifæri munu gefast á komandi árum til nýtingar orkulindanna og því mikilvægt að samkeppnishæfni atvinnulífsins hér á landi sé á við það sem best gerist annars staðar.


Árangur og sérstaða Íslands við nýtingu orkulinda verður að njóta viðurkenningar

Það er óvildunandi að fjárfestar geti ekki fengið um það skýr svör hve langan tíma umhverfismat geti tekið. Auk þess þarf að huga að ýmsum atriðum er tengjast afhendingu raforku, virðisaukaskatti og fleiri málum.

5.2. Markmið í loftslagsmálum

Loftslagsmál og regluverk sem tengist útstreymi gróðurhúsalofttegunda er í mikilli deiglu um þessar mundir og geta haft margvísleg áhrif á atvinnulíf og er nauðsynlegt að stjórnvöld hugi vel að því að samkeppnisstöðu íslenskra orkulinda og íslenskra fyrirtækja verði ekki ógnað.

Ísland er aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókuninni við hann. Almennt hafa aðildarríki samningsins skuldbundið sig til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Með staðfestingu Kyoto-bókunarinnar féllst Ísland á að útstreymi megi ekki aukast meira en um 10% að meðaltali á árunum 2008–12 frá 1990. Almennt var gert ráð fyrir 5% samdrætti hjá svokölluðum Annex I ríkjum á þessu tímabili en Ísland var eina ríkið sem fékk heimild til að auka útstreymið. Annex I ríki eru talin upp í viðauka I við loftslagssamninginn og eru um 40 helstu iðnríki heims eins og þau voru skilgreind árið 1990. Að auki fékk Ísland samþykkt sérstakt ákvæði sem heimilar útstreymi allt að 1,6 m tonna af CO₂ á ári á þessu sama tímabili án þess að það teljist til útstreymis Íslands. Þetta ákvæði fellur niður þegar tímabilinu lýkur árið 2012.



Loftslagssamningurinn tekur ekki yfir sjálfðæmi ríkja um nýtingu auðlinda sinna en þar sem ákveðið var að setja hámark á útstreymið má segja að stjórnvöld hafi í raun samþykkt þak á nýtingu orkulindanna þar sem ekki verður lengra haldið í aukningu útstreymis en felst í þessum heimildum. En eins og kunnugt er þá fylgir útstreymi gróðurhúsalofttegunda þeirri iðnstarfsemi sem hér hefur verið byggð upp til að nýta orkulindirnar.

Stjórnvöld hafa í raun samþykkt þak á nýtingu orkulindanna

Annað er að íslenska ákvæðið svokallaða virkar eins og nokkurs konar yfirdráttarheimild gagnvart loftslagssamningnum þannig að ef dregur úr almenna útstreyminu þá flyst samsvarandi magn úr íslenska ákvæðinu yfir á almennt útstreymi Íslands. Gagnvart loftslagssamningnum verður því 10% heimild Íslands ætíð að fullu nýtt. Eins þýðir þetta að þó Ísland hafi hug á að nýta s.k. sveigjanleikaákvæði við Kyotobókunina sem gera ríkjum kleift að telja til tekna samdrátt útstreymis sem þau standa fyrir í öðrum ríkjum (þróunarríkjum) þá renna útstreymisheimildir úr slíkum verkefnum fyrst til að minnka hlut íslenska ákvæðisins. Eins er skilyrði um það að heimildir skv. íslenska ákvæðinu má ekki selja.

Nú er unnið að nýju samkomulagi á vegum loftslagssamningsins sem ætlunin er að ljúka í lok þessa árs. Óvíst er þó að það takist fyrr en á næsta ári. Þar er ætlunin að semja annars vegar um frekari (tölulegar) skuldbindingar Annex I ríkja og hins vegar um almennar skuldbindingar til lengri tíma fyrir öll ríki. ESB hefur ákveðið að draga úr útstreymi um 20% til ársins 2020 m.v. 1990 og nýkjörinn forseti Bandaríkjanna hefur sagt að stefnan verði sett á að útstreymi ársins 2020 verði það sama og var árið 2000. Ástralir ætla að draga úr útstreymi um 5–15% til ársins 2020. Fleiri Annex I ríki munu gefa upp markmið sín á næstunni.

Ísland hefur enn vakið athygli á sérstöðu sinni og ákvæðinu sem samþykkt var við gerð Kyoto-bókunarinnar en það er alveg ljóst að það verður mjög erfitt að sækja einhverja aukningu á 10% ákvæðinu og einnig íslenska ákvæðinu. Þannig má búast við því að nýtt samkomulag verði til þess að möguleikar til að auka útstreymi hér á landi eftir 2012 verði mjög takmarkaðir.

ESB vill auka nýtingu endurnýjanlegrar orku

Með Kyotobókuninni féllust ESB ríkin (sem þá voru 15) á að draga úr útstreymi um 8% árin 2008–12 m.v. 1990. Þessu var skipt milli aðildarríkjanna þannig að t.d. Þýskaland og Bretland tóku á sig verulegan samdrátt en t.d. Spánn og Portúgal fengu verulega aukningu (mun meiri en þau 10% sem Ísland fékk). Þann dreifði ESB byrðunum milli aðildarríkjanna á þann hátt sem samræmdist getu þeirra og áætlaðri efnahagsþróun.


Flugfélög, ál- og járnblendi-fyrirtæki þurfa að taka þátt í viðskiptakerfi ESB með gróðurhúsalofttegundir

Eins og áður segir hefur ESB ákveðið að draga úr útstreymi um 20% til ársins 2020 (m.v. 1990) og allt að 30% náist alþjóðlegt samkomulag. Hluti af því sem leiðtogar ESB ásamt Evrópuþinginu samþykktu í desember 2008 voru leiðir til að ná þessu markmiði. Meðal annars var ákveðið að auka nýtingu endurnýjanlegrar orku í sambandinu á þessum tíma úr 5% í 20% og öll aðildarríkin hafa fengið markmið til að stefna að. Eins var ákveðið að 10% orku í samgöngum skuli vera frá endurnýjanlegum orkugjöfum frá 2020. Í þriðja lagi var ákveðið hvernig almennur samdráttur útstreymis skyldi skiptast milli aðildarríkjanna til ársins 2020 og á sama hátt og áður fá sum ríki að auka útstreymi verulega (Búlgaría og Rúmenía mest) en önnur verða að draga verulega úr (Danmörk, Lúxemborg og Svíþjóð mest). Markmið ríkjanna eru fyrst og fremst ákveðin út frá landsframleiðslu á íbúa. Eins liggur fyrir hvernig aukinni byrði verður skipt verði ákvörðun tekin um að heildarsamdráttur verði 30%. Það gerist m.a. með aukinni nýtingu sveigjanleikaákvæða.

ESB semur fyrir hönd aðildarríkjanna um loftslagsmál

ESB annast samninga aðildarríkjanna gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og kemur fram fyrir hönd þeirra allra og reyndar einnig fyrir hönd þeirra ríkja sem sótt hafa um aðild að sambandinu. Fulltrúar stjórnvalda aðildarríkjanna taka mismikinn þátt í samningaferlinu en sérfræðingar sambandsins og aðildarríkjanna vinna náið saman um útfærslu einstakra þátta.

Aðgerðir ESB á sviði loftslagsmála sem tengjast fjórfrelsinu svokallaða eiga nokkuð greiða leið inn í EES-samninginn. Þannig hefur viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir (European Trading System, ETS) þegar verið samþykkt með þingsályktun frá Alþingi. Í því felst að fyrirtæki fá úthlutað heimildum og smám saman er síðan ætlunin að þrengja að til að hvetja til samdráttar útstreymis og að þessi samdráttur eigi sér stað þar sem hagkvæmast er.



Fyrsta tímabil viðskiptakerfisins (2005–7) var nokkurs konar tilraunatími en fyrir annað tímabil (2008–12) voru ýmis framkvæmdaatriði löguð. Verð heimilda í þessu kerfi hefur rokkað til og frá og var um 30 € á tonnið um mitt síðasta ár en er nú um 16 € á tonnið. Enn sem komið er fellur engin starfsemi hér á landi undir viðskiptakerfið þar sem það hefur fyrst og fremst tekið á orkuframleiðslu úr jarðefnaeldsneyti. Á þessu verður þó breyting þar sem ústreymi frá flugsamgöngum fellur undir tilskipunina frá 2012 og ál- og járblendiframleiðsla frá 2013.

Í desember voru samþykktar breytingar þannig að stór hluti heimilda verður seldur á uppboði frá 2013 og renna tekjurnar í ríkissjóði aðildarríkjanna. Almenn orkufyrirtæki verða að kaupa allar sínar heimildir á uppboði. Flugfélög þurfa einungis að kaupa lítinn hlut til að byrja með en sá hluti eykst jafnt og þétt. Orkufrekur iðnaður (ál- og járblendiframleiðsla) sem er í samkeppni við sambærileg fyrirtæki í öðrum ríkum mun væntanlega fá sínar heimildir án endurgjalds upp að því marki sem bestu fyrirtækin eru að ná. Þetta er gert til að starfsemin flytjist ekki þangað sem kröfur eru minni (s.k. carbon leakage eða kolefnisleki). Í ESB er síðan haldið eftir nokkru magni heimilda fyrir ný fyrirtæki.

Það er afar mikilvægt að stjórnvöld hugi að því að ný fyrirtæki, sem taka til starfa eftir að tímabili Kyotobókunarinnar lýkur, hafi sama aðgang að útstremisheimildum og þau sem fyrir eru. Gerist það ekki þannig að ný fyrirtæki verði að útvega sínar eigin heimildir mun það hafa áhrif á það orkuverð sem fyrirtækin geta greitt og rýra þannig samkeppnishæfni orkuvinnslu hér á landi og jafnframt geta haft áhrif á launagreiðslur fyrirtækjanna.

Almennt má reikna með því að í Evrópu verði orkufyrirtæki sem nýta kol, olíu og jarðgas að greiða fyrir útstremisheimildir og kaupa stóran hluta þeirra á markaði. Þessi fyrirtæki eiga lítinn annan kost en að hleypa kostnaðinum út í orkuverðið. Orkuverð hefur reyndar hækkað töluvert í Evrópu á undanförunum árum og sú þróun haft áhrif hér á landi.

Með samstarfi við ESB geta íslensk stjórnvöld hugsanlega tryggt að þau fyrirtæki sem falla undir viðskiptakerfi sambandsins (ETS) hafi aðgang að þeim varasjóði

sem komið er upp til að tryggja að sömu reglur gildi um ný fyrirtæki og þau sem fyrir eru. Aðrir möguleikar felast í því að stjórnvöld tryggi að unnt sé að flytja hingað til lands heimildir sem verða til með verkefnum í þróunarríkjum. Stjórnvöld geta einnig með beinum samningum aflað útstreymisheimilda frá ríkjum þar sem þær eru nægar. Svo er að því stefnt að útstreymisheimildir geti skapast með verkefnum við landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.


Stjórnvöld verða að tryggja tilvist íslenska ákvæðisins eftir 2012

Það er þó eftir sem áður lykilatriði að stjórnvöld tryggi tilvist íslenska ákvæðisins í þeim samningum sem ætlunin er að undirrita í Kaupmannahöfn í lok þessa árs og helst að aukið verði við það. Það er enginn vafi á því að nýting endurnýjanlegra orkulinda er megináhersluvið heimsbyggðarinnar allrar í orkumálum á næstu áratugum. Þar hafa Íslendingar miklu hlutverki að gegna bæði heima fyrir og með sölu á þekkingu, tækni og reynslu á þessu sviði. Nýting orkulindanna hér heima fyrir er lykilþáttur til þess að tryggja öfluga atvinnuuppbyggingu. Fjárfestingum á þessu sviði er jafnan ætlað að standa til áratuga og allan þann tíma skapa þau mörg hátæknistörf, greiða há laun og eru öflugir og góðir þátttakendur í íslensku samfélagi auk þess að vera í fremstu röð á sínu sviði í umhverfismálum. Þetta á jafnt við um áliðnað, gagnaver, álþynnuverksmiðjur, sólarkísilverksmiðjur og önnur slík fyrirtæki.

Íslensk stjórnvöld hljóta að sjá til þess að sérstaða og árangur í orkumálum hljóti viðurkenningu þannig að unnt verði að nýta orkulindir landsins áfram eins og samræmist markmiðum í efnahagsmálum og náttúruvernd á hverjum tíma.

5.3. Útstreymi á Íslandi

Útstreymi á Íslandi mun aukast um 10% frá árinu 1990 til áronna 2008–12. Að auki kemur til íslenska ákvæðið sem verður nánast fullnýtt að meðaltali. Heildarútsreymi árið 2012 gæti þannig orðið um 5,3 m tonn. Töluverðir möguleikar eru til að þessi tala geti lækkað þegar fram í sækir þannig að nettó útstreymi verði lægra. Þar má nefna landgræðslu, skógrækt og einnig hafa stjórnvöld lagt áherslu á að minnkun útstreymis sem leiðir af endurheimt votlendis verði viðurkennt. Stjórnvöld geta einnig samið við ríki þar sem heimildir eru rými en



hér á landi um kaup á heimildum. Fyrirtæki og aðrir geta einnig nýtt svokölluð sveigjanleikaákvæði sem felast í Kyotobókunni til að afla útstreymisheimilda. Slíkar heimildir verða t.d. til í þróunarríkjum þar sem ráðist er í verkefni sem draga úr útstreymi frá því sem ella hefði orðið. Þannig getur t.d. 110 MW jarðhitavirkjun skapað um 600 þúsund tonn af útstreymisheimildum á ári um þó nokkuð langt tímabil.

Orkuspárnefnd gerir í nýlegri orkuspá ráð fyrir því að innlend notkun eldsneytis minnki vegna nýrra orkugjafa og eins því að gæta fer mettunarhrifa. Samkvæmt spánni mun eldsneytisnotkun minnka úr um 600 þúsund tonnum árið 2007 í um 400 þúsund tonn um miðja öldina. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda mun minnka í sama hlutfalli. Að auki eru til ýmsar aðferðir sem geta dregið enn frekar úr eldsneytisnotkuninni og eru hagkvæmar en þar má nefna að blanda í eldsneyti lífdísil, metanóli eða etanóli. Auk þess dregur úr útstreymi með áherslu á sparneytnari bifreiðar og tæki og tvinnbíla sem nýta bæði venjulegt eldsneyti og rafhlöðu. Stjórnvöld geta haft áhrif á alla þessa þætti með sköttum, gjöldum og almennum aðgerðum. Í þeim reglum sem samþykktar voru af ESB í desember sl. er gert ráð fyrir að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum skuli vera 10% árið 2020 en gert ráð fyrir nokkrum sveigjanleika í því hvernig þessu marki verði náð eftir aðstæðum í einsökum ríkjum. Sjálfgefið er að hjólreiðar og göngur í stað ökuferða minnka eldsneytisnotkun og unnt er að hvetja til þeirra með almennum aðgerðum einnig. Óljóst er hins vegar hvenær hagkvæmni rafbíla og rafhlaða þeirra verður nægjanleg og það sama á við um vetnisbíla.

Eldsneytisnotkun mun minnka á næstu árum hér á landi

Almennt má gera ráð fyrir því að orkufrekur iðnaður hér á landi auki útstreymi gróðurhúsalofttegunda og eitt verkefni getur aukið útstreymið um 5 – 10%. Ef ekki er gert ráð fyrir því að auknar heimildir fáiast með alþjóðlegum samningaviðræðum sem nú standa yfir þá standa samt ýmsar leiðir opnar. Þar má nefna útstreymiskerfi ESB þar sem verð á heimildum er nú um 16 evrur/tonnið, sveigjanleikaákvæði þar sem verðið er töluvert lægra og kaup á heimildum af öðrum ríkjum. Auk þess getur landgræðsla, skógrækt og endurheimt votlendis skilað drjúgum heimildum.

Ýmsar leiðir eru til að afla útstreymisheimilda

Til lengri tíma litið má búast við að orkufrekur iðnaður þrói tækni til að draga úr útstreymi við framleiðslu sína. Slík tækni mun gera framleiðslu fyrirtækja sem

nýta endurnýjanlega orku nánast útstremislausu. Slík tækni verður fyrst innleidd í nýjum fyrirtækjum en mun einnig halda innreið sína í starfandi fyrirtæki eftir því sem að endurnýjun þeirra kemur.

Með því að blanda saman á skynsamlegan hátt almennum aðgerðum, sveigjanleikaákvæðum, landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis auk aðildar að viðskiptakerfi ESB og með því að hvetja til tækniþróunar og nýsköpunar má sjá fyrir sér að uppfylla markmið ríkisstjórnarinnar um 50 – 75% samdrátt í nettóútstremi gróðurhúsalofttegunda um miðja öldina.

6. RÍKISBÚSKAPUR OG OPINBER ÞJÓNUSTA

- Snúa verður við hallarekstri ríkissjóðs.
- Draga saman ríkisútgjöld og auka skilvirkni í opinberum rekstri.
- Lánsfjárförf ríkissjóðs má ekki eyðileggja möguleika annara til fjárfestinga.
- Þriggja ára fjárlög eru forsenda hagræðingar.
- Bæta stjórnáslu, stefnumótun og gagnsæi.
- Einfalda reglur, leggja mat á áhrif lagafrumvarpa á þegnana.

6.1 Afkoma ríkissjóðs

Alþingi samþykkti fjárlög fyrir 2009 með 153 milljarða króna halla en það er um 10% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Áætlað er að tekjur verði 402 milljarðar króna og dragast þær saman um tæplega 60 milljarða milli ára. Tekjurnar verða svipaðar í krónum talið og árið 2006 og talsvert meiri en 2005 ef eignasala er fráregin, en eignasala nam 14 milljörðum króna árið 2006 og 59 milljörðum árið 2005. Gjöldin verða 556 milljarðar króna og aukast um rúmlega 88 milljarða.

Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs

Rekstrargrunnur, milljarðar króna	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Heimildir ¹ 2008	Fjárlög 2009
Tekjur samtals	421	422	486	461	403
Gjöld samtals	308	340	397	467	556
Tekjujöfnuður	113	82	89	-6	-153

¹ Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins

Áætlað er að flestir tekjustofnar ríkissjóðs rýrni milli ára samhliða minnkandi neyslu, umsvifum og lægra atvinnustigi. Þannig er áætlað að tekjur af virðisauka-skatti minnki um 6%, um 16% af tekjuskatti einstaklinga og um 35% af tekjuskatti lögaðila. Þessar hlutfallstölur miðast við verðlag hvors árs. Áætlað er að verðlag hækki um 14% milli ára og verður samdrátturinn þeim mun meiri að raungildi.

Flestar tekjur ríkissjóðs dragast saman en vaxtagjöldin hækka um 54 milljarða króna

Vaxtagjöld ríkissjóðs hækka mest allra gjaldaliða milli ára. Áætlað er að þau verði 87 milljarðar króna og hækki um 54 milljarða. Hjá ráðuneytunum aukast útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytisins mest eða um rúmlega 28 milljarða króna og þar á eftir koma heilbrigðisráðuneytið með 10 milljarða, menntamálaráðuneytið með 3,6 milljarða og utanríkisráðuneytið með 3,2 milljarða aukningu. Gjöld fjármálaráðuneytis minnka um tæpa sex milljarða og gjöld samgönguráðuneytis um fimm milljarða milli ára. Önnur ráðuneyti munu hafa u.þ.b. sömu fjárhæð til ráðstöfunar og á síðasta ári en það felur í sér raunlækkun sem hækkun verðlags nemur.

Þegar litið er til svonefndar hagrænnar skiptingar ríkisútgjalda kemur í ljós að rekstrargjöldin aukast um 4%. Það er umtalsverð raunlækkun í ljósi 14% hækkunar verðlags. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 16%, viðhald um rúman þriðjung en fjárfesting dregst saman um 17%. Rekstrargjöld og neyslu- og rekstrartilfærslur nema samtals 425 milljörðum króna en heildartekjur eru áætlaðar 402 milljarðar. Niðurstaða fjárlaganna er því sú að tekjur ríkissjóðs munu ekki nægja til þess að standa undir rekstri og tilfærslum á þessu ári og taka þarf lán til að standa straum af hluta þeirra, auk þess að fjármagna þarf vaxtagreiðslur, viðhald og fjárfestingar með lántökum. Það er því ljóst að áformuð lántaka ríkissjóðs mun valda miklum þrýstingi á lánsfjármarkaði og þrýsta raunvöxtum upp.

Hagræn skipting ríkisútgjalda

Rekstrargrunnur, milljarðar kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Heimildir 2008	Fjárlög 2009
Rekstrargjöld samtals	145	160	188	201	209
Fjármagnskostnaður	13	15	22	33	87
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	131	142	157	185	216
Viðhald samtals	5	6	6	6	9
Fjárfesting samtals	14	17	24	42	35
Gjöld samtals	308	340	397	467	556



Samkvæmt þingsályktun um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóða gjaldeyris-
sjóðnum (AGS) sem samþykkt var á Alþingi þann 5. desember 2008 verður
metnaðarfullri áætlun um ríkisfjármálin hrundið í framkvæmd. Steft er að því að
hagsveifluleiðréttur frumjöfnuður verði orðinn jákvæður um 3,5–4% af vergri
landsframleiðslu árið 2012. Þetta hugtak mælir afkomu ríkissjóðs að teknu tilliti til
stöðu hagsveiflunnar auk þess sem vaxtagjöld eru undanskilin. Markverður
árangur á þessu sviði og endurbætur í umgjörð ríkisfjármála eru lykilskilyrði fyrir
lánaforingreiðslu AGS á samningstímabilinu sem nær yfir tímabilið frá nóvember
2008 til nóvember 2010. Það er því mikið í húfi að sett markmið náist í
ríkisfjármálum.

Skilmálar AGS setja ríkissjóði
þröng skilyrði

Að snúa rekstri ríkissjóðs úr gríðarlegum halla í afgang er stærsta og mikilvægasta
viðfangsefni stjórnvalda á næstu misserum. Ríkissjóður þarf á þessu ári að taka
gríðarhá lán og vaxtabyrði mun vaxa hratt. Stór hluti ríkisútgjalda næstu ára verða
vaxtagreiðslur af lánum og skuldbindingum vegna falls bankanna í stað þess að
ganga til þess að bjóða þegnunum upp á opinbera þjónustu.

Veigamikil rök voru fyrir því að afgreiða fjárlög ársins 2009 með miklum halla en
hann er ósjálfbær og fær ekki staðist nema í skamman tíma. Nauðsynlegt er að
landsmenn geri sér þetta ljóst. Sama á við um mikilvægi jöfnuðar og afgangssins í
ríkisfjármálum fyrir efnahagslega framtíð þjóðarinnar á komandi árum.

Ríkisútgjöld munu dragast
saman á næstu árum, leggja
verður niður stofnanir og
sameina

Jöfnuður í ríkisfjármálum felur óhjákvæmilega í sér samdrátt ríkisútgjöldum á
næstu árum því útilokað er að jafna hallann með skattahækkunum. Það felur í
sér mikla áskorun fyrir stjórnvöld um aukna skilvirkni og framleiðni starfsmanna
ef ekki á að koma til mikillar skerðingar þjónustu. Aukin skilvirkni krefst
endurskipulagningar, nýsköpunar, bættrar stjórnunar, nýrra árangursmælikvarða,
öflugrar eftirfylgni með settum markmiðum og aukins sveigjanleika opinberra
starfsmanna. Í þessu ferli hlýtur að koma til skoðunar að leggja niður einhverjar
stofnanir og sameina aðrar, auka samrekstur stuðningssviða og auka opinber
útboð. Engum steini má vera óvelt.

6.2. Ríkissjóður og hagsveiflan


Ríkissjóður hefur greitt niður skuldir sínar á síðustu árum og var þess vegna í betri stöðu en ella þegar bankahrunið og afleiðingar þess dundu yfir. Á árinu 2009 aukast skuldir ríkissjóðs gríðarlega vegna fjárlagahallans, endurfjármögunar bankanna og Seðlabankans og ábyrgða sem falla á ríkissjóð vegna innlánsreikninga erlendis.

Ríkissjóður verður rekinn með halla á þessu ári þar sem heildartekjur munu lækka um 60 milljarða króna og ýmis útgjöld hækka óhjákvæmilega, m.a. vegna aukins atvinnuleysis. Við vinnslu fjárlagafrumvarpsins var reynt að draga úr hallarekstrinum með því að draga saman útgjöld vegna rekstrar, tilfærslna og framkvæmda. Tekjuskattshlutfallið var hækkað úr 22,75% í 24,1% og hámarksútsvar var hækkað úr 13,03% í 13,53%. Á móti hækkaði persónuafsláttur úr 34.034 kr. í 42.205 á mánuði, bæði vegna fyrirheita í tengslum við kjarasamninga og vegna tengingar við verðlagsþróun. Með þessu lækkar tekjuskattur á öll mánaðarlaun undir 450.000 kr. þannig að í heild átti sér stað tekjuskattslækkun í upphafi ársins og skattleysismörk hækkuðu úr 95 þúsund upp í rúm 113 þúsund.

Í meginatriðum fá sjálfvirkir sveiflujafnarar að virka að því leyti að skattahækkningar eru takmarkaðar og útgjöld sem hækka þegar illa árar í efnahagslífinu eru látin gera það án mikilla breytinga. Mikilvægt er að framkvæmdir og viðhaldsverkefni voru ekki skorin óhóflega niður því að þau eru nauðsynleg til þess að vinna gegn gifurlegum samdrætti í byggingariðnaðinum.

Halli ríkissjóðs eykur þrýsting á lánsfjármarkaði en gæta verður að svigrúmi heimila og fyrirtækja

Hallarekstur og lánsfjárbörf ríkisins hafa mikil áhrif á fjármagnsmarkaðinn á þessu ári og því næsta. Ljóst er að álag á lánsfjármarkaðnum verður mikið. Gert er ráð fyrir afgangi á viðskiptum við útlönd þannig að erlendar skuldir þjóðarinnar lækki en á sama tíma þarf að fjármagna hallareksturinn. Þetta gerist ekki nema með miklum samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingum og stórauðnum sparnaði heimila og fyrirtækja.



Hallareksturinn má ekki verða svo umfangsmikill og langvarandi að lánsfjárbörf ríkissjóðs eyðileggi möguleika til fjárfestinga í atvinnulífinu og uppbyggingar þess. Því þarf að sjá fyrir endann á hallarekstrinum þannig að heimili og fyrirtæki geti fengið nauðsynlegt svigrúm á nýjan leik.

6.3. Langtímaáherslur

Eitt mikilvægasta málið í ríkisrekstrinum er að auka aga við meðferð fjármuna og líta til lengri tíma en árs í senn við gerð fjárlaga. Þótt margt hafi batnað við fjárlagagerðina á undanförunum árum, sérstaklega með upptöku rammafjárlaga og meiri ábyrgðar einstakra ráðuneyta á fjárlagagerðinni má margt færa til betri vegar.

Fjárlög til þriggja ára auka aðhald og bæta eftirlit

Of auðvelt hefur reynst að fá fjárheimildir með fjáraukalögum og það hefur leitt til ákveðins agaleysis í áætlanagerð og rekstri. Því þarf áætlanagerð að verða markvissari og meira samræmi skapast milli pólitískra ákvarðana og fjárheimilda.

Unnt er að styrkja áætlanagerð með því að taka upp formlega fjárlagagerð til þriggja ára í senn. Með því að vera með lengri tíma undir en eitt ár er hægt að beita markvissari vinnubrögðum við spá um aukningu eða samdrátt í umsvifum, áhrif fjárfestinga á rekstur og bæta eftirlit með því hvort fjármál stofnana þróast í samræmi við langtíma markmið.

Fjárlög til þriggja ára í senn gefa líka Alþingi miklu betri möguleika á að sinna eðlilegu eftirlitshlutverki með þróun ríkisbúskaparins. Nú er vinna Alþingis ekki nógu markviss og það hefur ekki tók á því að veita nægilegt aðhald og fara í saumana á langtíma markmiðssetningu einstakra stofnana og hvort áætlunum er fylgt.

Nú vinna allar stofnanir ríkisins að því að minnka umsvif og lækka útgjöld vegna ársins 2009. Einnig er að hefjast vinna vegna fjárlagagerðar fyrir 2010. Venjulega hefur vinna framan af ári við fjárlagagerð næsta árs byggst á framreikningi á kostnaði við núverandi umsvif. Síðan hefur ríkisstjórnin síðsumars fjallað um tillögur um breytingar á tillögum, fyrst og fremst til hækkunar.

Með því að fjalla um þrjú ár í einu eru miklu betri möguleikar til þess að sjá fyrir um afleiðingar ákvarðana fram í tímann og hvaða kostnað eða sparnað þær hafa í för með sér. Þess vegna er æskilegt að sú vinna sem nú er að hefjast vegna fjárlagagerðarinnar 2010 nái líka yfir árin 2011 og 2012.

6.4. Stjórnýsla

Auka verður fagmennsku, bæta stefnumótun og gagnsæi stjórnsýslunnar

Gera þarf meiri kröfur til fagmennsku í stjórnsýslunni en verið hefur. Íslensk stjórnýsla er fámenn og þarf iðulega að sinna flóknum og viðamiklum verkefnum án þess að hafa starfsfólk með næga sérþekkingu til þess að geta unnið úr málum fljótt og örugglega. Reyndar er gjarnan sagt íslenskri stjórnýsly til hróss að hægt sé að vinna hratt þegar vilji er fyrir hendi og að kostur sé hversu nán tengsl eru á milli stjórnsýslunnar og viðskiptavina hennar.

Aukin fagmennska er engu að síður nauðsynleg. Þau atriði sem almennt þarf að leggja áherslu á eru bætt stefnumótun og gagnsæi, skýrari forgangs röðun og meiri áhersla á aðalatriði og hraðari og öruggari málsmeðferð. Hæfni stjórnsýslunnar skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins. Það skiptir miklu að vita hverjar áherslur og markmið stjórnsýslustofnana eru. Eins er mikilvægt að stofnanir og atvinnulíf eyði ekki of miklum tíma og fjármunum í atriði sem skipta ekki miklu máli meðan stór mál fá ekki athygli. Það skiptir miklu máli að ekki sé óvissa og seinangangur í rannsókn og afgreiðslu mála.

Innan stjórnsýslunnar hefur fólk haft mikinn metnað til þess að gera sífellt betur og það þarf að hvetja menn til dáða. Því er nauðsynlegt að gert sé sérstakt átak til þess að bæta stjórnsýsluna þar sem meginmarkmiðið er að efla stefnumótun og þjónustu og bæta nýtingu fjármuna.

6.5. Einfaldara Ísland

Nauðsynlegt er að hugað verði strax að endurskipulagningu almenns eftirlits með atvinnulífinu. Þetta getur auk þess nýst til að draga úr útgjöldum hins opinbera, aukið samkeppnishæfni og dregið úr kostnaði við eftirlit án þess að gerð sé krafa um að dregið verði úr kröfum sem atvinnulífinu er gert að fara eftir.

Samræma verður eftirlit og auka hlut skoðunarstofa

Á undanförunum árum hefur byggst upp skoðunarstofukerfi þar sem faggilt og vottuð fyrirtæki annast eftirlit, t.d. með fyrirtækjum í sjávarútvegi, skipum og bílum. Þar eru það stjórnsýslustofnanir sem setja kröfurnar og fylgjast með því að skoðunarstofur vinni sín verk eins og til er ætlast. Góð reynsla er af þessu kerfi og enginn áhugi á því að snúa til baka til eldra stofnanafyrirkomulags. Auðvelt er að bæta við hlutverk skoðunarstofanna þannig að þær geti annast eftirlit með matvælum, aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum, umhverfismálum almennt og hollustuháttum á veitingahúsum svo örfá dæmi séu nefnd. Meiri ábyrgð verður lögð á fyrirtækin sjálf og að þau byggji upp almenn gæðakerfi og skrái þau atriði sem fylgjast á með. Stjórnsýslustofnanir hins opinbera myndu eftir sem áður móta kröfur sem gerðar verða og gera úttektir á því að í raun væri farið eftir þeim. Með fækkun eftirlitsaðila næst fram sparnaður auk þess sem tækifæri skapast til að sameina stofnanir og auka skilvirkni í ríkisrekstri. Auk þess gæfist tækifæri til að fækka leyfum og sameina sem fyrirtækin þurfa á að halda.

Fyrir um 10 árum tóku gildi lög sem skylda opinberar stofnanir og ráðuneyti að leggja mat á þær eftirlitsreglur sem þau hyggjast setja. Þar á að setja fram athugun á því hvort hagkvæmstu leiðir séu valdar við eftirlit, hvort það sé nauðsynlegt og hvaða markmiðum ætlunin er að ná. Mikill misbrestur er á að stjórnvöld fari að þessum lögum. Þannig hefur til dæmis félagsmálaráðuneytið aldrei lagt fram mat á eftirlitsreglum sem settar eru á vegum ráðuneytisins.

Það er mjög mikilvægt að þessar lög verði vikkuð út þannig að þau nái ekki einungis til eftirlitsreglna heldur einnig til lagasetningar og reglugerða almennt. Það er mjög mikilvægt að gerð sé grein fyrir áhrifum á hag almennings og fyrirtækja við setningu laga og reglugerða. Eins og nú er ber skylda til að leggja fram mat á fjárhagsleg áhrif lagasetningar á ríkissjóð og fylgir slíkt mat

lagafrumvörpum. Með því að víkka út þetta mat verður lagasetningin betri og auðveldara að átta sig á áhrifum hennar. Einnig er nauðynlegt að stjórnvöld auki almennt samráð við hagsmunaaðila þegar undirbúin eru lagafrumvörp og reglugerðir. Aukið gagnsæi, upplýsingaflæði og opin stjórnsýsla er til þess fallin að auka traust á henni.

Mikilvægt er að auka þegar áherslu á átak við einföldun reglna og laga hér á landi sem hófst fyrir nokkru undir yfirskriftinni „einfaldara Ísland“ og fylgja eftir þeirri áætlun sem þá hófst.

7. SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS

- *Keppikefli að vera í fremstu röð.*
- *Markaðshagkerfi hefur yfirburði til að draga fram nýjungar og skapa góð lífskjör.*
- *Lágt raungengi skapar góða stöðu samkeppnis- og útflutningsgreina.*
- *Samkeppni er öflugasti drifkraftur framleiðni og um leið bættra lífskjara.*
- *Samkeppnisreglur þurfa að vera gagnsæjar og meginreglur einfaldar.*
- *Útrás hefur aukið tengsl og möguleika erlendis og skapað fjölda starfa í mörgum atvinnugreinum.*
- *Skapa þarf 20.000 störf til 2015 og nauðsynlegar forsendur svo það verði að veruleika.*
- *Gott aðgengi að menntun er lykilatriði til að takast á við ný verkefni, auka nýsköpun og frumkvöðlastarf.*
- *Jöfn tækifæri karla og kvenna styðja við sókn til bættra lífskjara.*
- *Íslenska krónan er of lítill gjaldmiðill og hagstjórn og vaxtaákvörðanir taka ekki mið af aðstæðum.*


7.1 Alþjóðleg samkeppnishæfni

Ísland hefur á undanförunum árum verið að festa sig í sessi í fremstu röð meðal ríkja heims þegar litið er til margvíslegra mælikvarða á lífskjör og atvinnulíf. Hér má nefna Human Development Index hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem Ísland var í fyrsta sæti meðal 179 þjóða árið 2008. Í mati Heritage Foundation og Wall Street Journal á viðskiptafrelsi var Ísland í 14. sæti í hópi 179 ríkja árið 2008. Á mælikvarða vísitölu Frazier Insititute um efnahagslegt frelsi var Ísland var í 12. sæti af 141 ríki árið 2008. Og á mælikvarða Transparency International um spillingu var Ísland í 9. sæti af 180 ríkjum þar sem minnst spilling var í heiminum árið 2008.

Meðal fremstu rannsókna á samkeppnishæfni þjóða eru árlegar skýrslur annars vegar svissneska viðskiptaháskólans Institute for Management Development (IMD), sem birtast í World Competitiveness Yearbook og hins vegar árleg skýrsla World Economic Forum, Global Competitiveness Report. Árið 2007 var Ísland í 7. sæti af 55 ríkjum í rannsókn IMD og í 23. sæti í röð 134 ríkja hjá World Economic Forum, en hafði skömmu áður náð þar 7. sæti.

Ísland hefur í alþjóðlegum samanburði verið í fremstu röð


Röð Íslands í samkeppnishæfni þjóða skv. IMD og WEF



Greining á samkeppnishæfni felur í sér athugun á þeim þáttum sem mestu ráða um hvort atvinnulíf þjóða er fært um að skapa aukin verðmæti og velsæld. Aðferðir IMD og WEF við greiningu eru þó ólíkar sem skýrir mismunandi niðurstöður, auk þess sem rannsókn WEF nær til mun fleiri þjóða. Rannsóknirnar eiga það þó sammerkt að vera báðar mjög víðtækar. Þær taka til fjölmargra þátta jafnt á eftirspurnar- og framboðshlið og byggja bæði á tölfræðilegum staðreyndum og viðhorfskönnunum meðal stjórnenda. Auk heildarniðurstöðu um samkeppnishæfni sýna rannsóknirnar gagnlegt mat á helstu styrkleikum og veikleikum hvers þjóðar.

Íslendingar geta bætt framleiðni, afköst og fleiri þætti

Mæling IMD á samkeppnishæfni er samsett úr fjórum meginþáttum: efnahagsleg frammistaða (Economic Performance), skilvirkni stjórnvalda (Government Efficiency), skilvirkni atvinnulífs (Business Efficiency) og stofnanaumgjörð (Infrastructure). Góður árangur Íslands í rannsóknum IMD byggist öðru fremur á forystu í skilvirkni atvinnulífs, en þar var Ísland í 2. sæti í heiminum á árunum 2005–2007. Þegar þessi árangur er skoðaður betur og litið til undirþátta kemur í ljós að hann byggist sérstaklega á jákvæðum viðhorfum og gildum, skilvirkum stjórnunaraðferðum og góðum árangri á vinnumarkaði. Á sviði framleiðni og afkasta geta Íslendingar hins vegar bætt sig verulega. Efnahagsleg frammistaða



hefur oft verið viðunandi m.a. vegna hárrar atvinnuþátttöku, en óstöðugt verðlag, viðskiptahalli og háir vextir hafa verið dragbítar. Þegar litið er til mælikvarða um skilvirki stjórnvalda hefur árangur Íslendinga aðeins verið í meðallagi. Slakastur er árangur Íslands samkvæmt mælikvörðum um stofnanaumgjörð.

Skilgreining WEF á samkeppnishæfni er einnig víðtæk og nær til 12 meginflokka. Vægi þeirra er auk þess breytilegt eftir þróunarstigi landa og taka mið af því að fátæk lönd keppa í verði, miðlungsþróuð lönd keppa í gæðum en háþrúðustu löndin keppa í nýsköpun. Ísland er í síðastnefnda hópnum. Framleiðni (Business sophistication) og nýsköpun vega því þungt. Sú staðreynd að árangur Íslands er aðeins miðlungsgóður skv. WEF skýrist einkum af meðalmennsku á sviði nýsköpunar en einnig hefur áhrif náttúruleg takmörkun vegna smæðar markaðar og tiltölulega slaks árangurs í framleiðni. Falleinkunn vegna efnahagslegs óstöðugleika spillir einnig niðurstöðunni síðustu árin.

Líklegt er að samkeppnishæfni Íslands versni miðað við aðrar þjóðir á næstunni. Markmiðið hlýtur að vera að koma Íslandi örugglega á þann stað sem það þarf að vera til þess að bjóða upp á atvinnulíf og lífsgjör sem tryggir að vel menntað og hæft fólk, sem hefur möguleika víðsvegar um heim, velji að búa og starfa á Íslandi.

Sá metnaður, að halda Íslandi í fremstu röð, er ekki einstakur í heiminum heldur keppikefli flestra þjóða sem eru tilbúnar til að leggja mikið á sig til þess að ná árangri. Eitt af því allra mikilvægasta er jákvætt viðhorf til alþjóðavæðingar og viðskipta við aðrar þjóðir. Engin þjóð verður öflug nema að vera samkeppnishæf í viðskiptum á alþjóðlegum mörkuðum og opin fyrir samkeppni erlendis frá um vörur, þjónustu, hugmyndir og menningarstrauma.

Undanfarna áratugi hafa viðskipti milli ríkja heims vaxið mikið, alþjóðleg verkaskipting hefur aukist og dregið úr viðskiptahindrunum. Þjóðir heims drógu þann lærdóm af heimskreppunni á fjórða áratug síðustu aldar að verndarstefna einstakra ríkja er kolröng viðbrögð við efnahagskreppu og stigmagnar aðsteðjandi vanda. Saga undanfarinna áratuga sýnir að gríðarlegur árangur hefur náðst í því að minnka fátækt samhliða vexti markaðsbúskapar og fríverslunar. Nægir að benda á Kína, Indland og mörg fleiri svonefnd nýmarkaðsríki því til staðfestingar.

Metnaður þjóða stendur til að vera í fremstu röð um velsæld og lífsgæði

Í miðjum efnahagssamdrætti efast ýmsir um gildi markaðsbúskapar, frjálsrar samkeppni og fríverslunar. Markaðshagkerfið sé sökudólgurinn sem hafi orsakað samdráttinn og því beri að endurskoða það. En samdráttur er hluti markaðshagkerfisins og sem betur fer hafa ríki heims brugðist við fyrri samdráttarskeiðum með aukinni alþjóðlegri samvinnu og efnahagslegri samþættingu. Ríki heims eru nú að bregðast við á enn öflugri og samstilltari hátt en áður. Það vekur vonir um að samdráttarskeiðinu í heimsbúskapnum ljúki sem fyrst og búast flestir sérfræðingar við því að það gerist áður en árið er liðið eða snemma á því næsta.

Markaðshagkerfið og samkeppni laðar fram verðmæti, nýsköpun og uppfinningar og hefur yfirburði yfir aðra kosti. Markaðshagkerfi stuðlar að skilvirkni, aukinni framleiðni og bættri frammistöðu og þar með að hagvexti og lífskjarabótum. Ef framleiðni vex ekki þá geta lífskjör ekki batnað. Samkeppnin þvingar fyrirtæki til þess að skapa nýjar hugmyndir, afurðir og ferla því þau geta ekki staðist samkeppnina með því að gera nákvæmlega það sama og samkeppnisaðilarnir.

Markaðshagkerfið hefur yfirburði til að stuðla að bættum lífskjörum og velsæld en hefur ákveðna bresti

En markaðskerfið hefur sína bresti og markaðslausnir eiga ekki alls staðar við. Því leitast stjórnvöld við að þróa aðferðir við að stjórna mörkuðunum, með reglum og stöðlum, þannig að þeir skili sem bestri niðurstöðu fyrir samfélagið. Yfirstandandi fjármálakreppa átti uppruna sinn í ákveðnum markaðsbresti. Sá brestur fólst í því að nýjar fjármálaafurðir urðu til, ýmis konar afleiður og vafningar, án þess að fyrir hendi væru reglur sem tryggðu gæði þessara afurða eða reglur sem krefðust þess að veittar væru skýrar upplýsingar um áhættuna sem í þeim fólst. Niðurstaðan er sú að mikið tapaðist, lausafjórðungi myndaðist og markaðir frusu vegna skorts á reglum. Nýsköpunin fór of langt framúr reglusetningunni og afleiðingarnar urðu afar skaðlegar.

Réttu viðbrögðin við kreppunni eru þau að búa í haginn fyrir framtíðina, undirbúa nýja sókn þegar samdráttarskeiðinu lýkur, en ekki bregðast sífellt við skammtíma-vanda og verjast. Á dagskránni þarf að vera framsýn, hagsýn og áræðin atvinnu-stefna til þess að koma sterkt út úr kreppunni og finna leiðir til þess að gera fyrirtækin og efnahagslífið öflugri en áður. Þessar leiðir eru m.a. áhersla á nýsköpun, rannsóknir, hærra tæknistig, útrás og aukna samkeppni á ýmsum sviðum.

7.2 Samkeppnisstaða fyrirtækja og raungengi


Raungengi er vísitala sem ber saman kostnaðarþróun hér á landi og í viðskiptalöndunum. Seðlabankinn reiknar tvær vísitölur sem annars vegar miða við verðbólgu og hins vegar launaþróun. Raungengi er skilgreint sem hlutfallsleg þróun verðlags eða launakostnaðar á einingu héraðs annars vegar og í viðskiptalöndunum hins vegar. Miðað er við tiltekið grunnár og mælt í sama gjaldmiðli. Raungengi er mikilvægur mælikvarði á alþjóðlega samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs hvað kostnað varðar borið saman við erlenda keppinauta.

Hátt raungengi síðustu ára gat ekki staðist og það hlaut að lækka

Raungengi hefur verið mjög hátt undanfarin ár og farið stöðugt hækkandi. Auk þess að þrængja að samkeppnisstöðu atvinnulífsins var hátt raungengi ríkur þáttur í þeim mikla viðskiptahalla sem myndaðist. Raungengi á mælikvarða launa hækkaði um 25% milli árána 2004 og 2007. Með öðrum orðum þá hækkaði innlendir kostnaður í erlendri mynt fjórðungi meira en að meðaltali í viðskiptalöndum okkar. Ljóst var á þeim tíma að svo mikil hækkun fengi ekki staðist og var næsta víst að raungengi myndi lækka verulega á komandi misserum. Enginn átti þó von á því hruni á gengi krónunnar sem varð heldur var fremur búist við því að það myndi nálgast langtímajafnvægisgildi sitt.

Raungengi

Hlutfallslegt neysluverð og hlutfallsleg laun. Árið 2000=100.



Raugengi er nú lægra en nokkru sinni og skapar samkeppnisgreinum vænlega stöðu


Raugengi er nú lægra en nokkru sinni frá því þessar mælingar hófust árið 1980. Það er nú er líklega 25–30% lægra en jafnvægisgildi þess til lengri tíma. Þótt þetta gildi sé ekki þekkt stærð er almennt miðað að það tryggi þokkalegt jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Staða útflutningsgreina, fyrirtækja í samkeppni við innflutning, ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina í alþjóðlegri samkeppni er því einstaklega góð þar sem innlendir kostnaður (að fjármagnskostnaði undanskildum) hefur lækkað verulega í samanburði við erlenda keppinauta. Það má því búast við því að störfum í þessum greinum geti fjölgað umtalsvert á næstu misserum jafnvel þótt gengi krónunnar hækki nokkuð frá því sem nú er og opinberlega er að stefnt.

7.3 Samkeppnismál og samkeppnislög

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Þetta markmið er brýnt hagsmunamál fyrir atvinnulífið. Markmiðum samkeppnislaga er leitast við að ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, skadlegri fákeppni og samkeppnishömlum ásamt því að auðvelda aðgang nýrra aðila að markaðnum.

Samkeppni gerir kröfu til að hagkvæmni og skilvirkni ráði för í atvinnulífinu

Markmið samkeppnislaga eiga sér skýr hagræn rök. Með því að afnema samkeppnishindranir og takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri er séð til þess að kraftar samkeppninnar séu ráðandi í atvinnulífinu. Það gerir kröfu til þess að hagkvæmni og skilvirkni ráði för í atvinnurekstri ella víki hann fyrir öðrum keppinautum sem ná betri árangri frá sjónarhóli neytandans. Ýmsir markaðsbrestir geta komið í veg fyrir að þessi lögmál fullkominnar samkeppni fái notið sín. Dæmi um slíkt eru náttúrlæg einokun eða þegar kostnaður fyrirtækis af rekstri fer ekki saman við þjóðfélagslegan kostnað (t.d. mengun). Tilgangur samkeppnislaga og íhlutunar samkeppnisyrvalda á grundvelli þeirra er hins vegar jafnan sá að leiðrétta slíka markaðsbrestir og koma á samkeppnisskilyrðum sem samræmast markmiði laganna, þannig að samkeppni raskist sem minnst. Í framkvæmd er þetta oft flókið og margslungið viðfangsefni og geta vaknað álitamál um getu samkeppnisyrvalda til að fást við það.



Röskun á samkeppni vegna hegðunar keppinauta á markaði getur í meginatriðum átt sér tvíþættar ástæður. Annars vegar geta fyrirtæki með samningum, samþykktum eða samstilltum aðgerðum sín á milli raskað eða takmarkað samkeppni, s.s. með verðsamráði, samráði um tilboð eða öðru samkeppnishamlandi samstarfi. Hins vegar geta fyrirtæki sem eru í markaðsráðandi stöðu misnotað þá stöðu. Samkeppnisyfirvöld hafa eftirlit með samruna fyrirtækja þegar talið er að hann geti hindrað samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða hún styrkist.

Samkeppni getur að auki raskast vegna aðgerða eða íhlutunar opinberra aðila, t.d. með fjárframlögum eða beinni ríkisaðstoð til einstakra fyrirtækja. Einnig geta komið til ónnur afskipti hins opinbera sem mismuna aðilum á markaði, þar á meðal þegar um er að ræða opinberan rekstur sem nýtur einkaleyfis eða verndar en er í samkeppni við aðra aðila á markaðnum. Í síðastnefnda tilvikinu hefur Samkeppniseftirlitið heimild til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á rekstri opinbers fyrirtækis sem er í samkeppnisrekstri frá verndaðri starfsemi. Að öðru leyti er ákvörðunarvald varðandi ríkisaðstoð og íhlutun hins opinbera í atvinnurekstur á valdi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), þegar málið fellur undir gildissvið samningsins, en Samkeppniseftirlitið getur sent frá sér álit. Ákvörðunarvald ESA á sviði almennra samkeppnismála um markaðshegðun fyrirtækja takmarkast við mál sem hafa áhrif á viðskipti milli aðildarlanda EES. Við tiltekna aðstæður er ákvörðunarvald raunar í höndum framkvæmdastjórnar ESB. Fram til þessa hefur lítið reynt á síðastnefndu málin.

Vegna smæðar íslensks hagkerfis er eðlilegt að mikil samþjöppun verði á ýmsum mörkuðum. Slíkt er óhjákvæmilegt til þess að fyrirtæki geti náð æskilegri stærð og hagkvæmni í rekstri. Það er því eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnislaga og samkeppniseftirlits hér á landi að koma í veg fyrir að fyrirtæki misnoti markaðsráðandi stöðu en ekki endilega að koma í veg fyrir að fyrirtæki nái markaðsráðandi stöðu því oft er slíkt óhjákvæmilegt. Mikilvægasta hlutverk stjórnvalda í samkeppnismálum er því að beita sér gegn aðgangshindrunum að markaði, þar á meðal að tryggja að hinn smái íslenski markaður sé algjörlega opinn fyrir erlendri samkeppni.

Samráð getur raskað samkeppni. Ríkið getur raskað samkeppni með afskiptum á markaði


Samkeppnisyfirvöld eiga að tryggja að markaður sé eins opin og hægt er

Frá því snemma á níunda áratugnum hefur að ýmsu leyti náðst góður árangur hér á landi við að efla krafta samkeppninnar og draga úr hindrunum og takmörkunum. Með þessu hefur markvisst verið stuðlað að aukinni hagkvæmni í atvinnurekstri. Auk setningar fyrstu samkeppnislaganna árið 1993 má þetta einkum þakka gildistöku EES-samningsins árið 1994, víðtækum umbótum á viðskiptalöggjöf í frjálsræðisátt og einkavæðingu opinberra fyrirtækja, þar á meðal sölu ríkisbankanna til einkaaðila sem lauk árið 2003.

Veikleikar og vandamál hafa engu að síður verið til staðar. Þetta birtist m.a. í því að verðlag hér á ýmsum mikilvægum flokkum vöru og þjónustu er með því hæsta sem þekkest. Þótt ástæður séu fjölbættar og skýrist t.d. af smæð markaðar, landfræðilegri staðsetningu og tollvernd, hafa rannsóknir samkeppnisyfirvalda staðfest að skortur á virkri samkeppni á einnig hlut að máli. Þá er ennþá verk að vinna í því að efla samkeppni í þeim greinum atvinnulífsins sem lotið hafa hvað mestri opinberri forsjá s.s. í orkuviðnaði. Samkeppnisefirlit hefur auk þess oft verið þyngra í vöfum en æskilegt er frá sjónarhóli skilvirkni í atvinnulífi og stjórnsýslu. Meginathygli ætti að vera á alvarlegustu samkeppnishömlur og forðast að íþyngja atvinnulífinu vegna minni háttar mála. Aukin áhersla á hópundanþágur getur hér hjálpað til.

Loks skal nefnt að enn má gera betur í því að nýta útboð og útvistun til þess að auka hagkvæmni og lækka kostnað við þjónustu bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga.

Fall viðskiptabankanna þriggja í október síðastliðnum hefur haft í för með sér stórfelldar breytingar á samkeppnisskilyrðum í íslensku viðskiptalífi sem ógna mjög þeim árangri sem náðst hefur undanfarin 15 ár. Í fyrsta lagi er meirihluti fjármálastarfseminnar á ný kominn í hendur ríkisins og í ríkara mæli en áður var, auk þess sem þróun þeirrar starfsemi eru alvarleg takmörk sett vegna gjalddeyrishafta. Í annan stað leiðir efnahagsáfallið og viðbrögð við því til þess að nýju viðskiptabankarnir og skilaneindir hinna eldri fá mjög víðtækt ákvörðunarvald um framvindu atvinnulífsins. Augljóst er að ákvarðanir stjórnenda þeirra munu hafa afdrifaríka þýðingu fyrir samkeppnisaðstæður. Í þriðja lagi blasir við sú hætta að vegna rekstrarerfiðleika kunni fyrirtækjum á mikilvægum mörkuðum að fækka



á næstunni og samþjöppun þar með að aukast. Af öllum þessum ástæðum hefur hlutverk samkeppnislaga og samkeppniseftirlits vaxið á ný.

Áður en vikið verður nánar að viðbrögðum við breyttum samkeppnisaðstæðum hér á landi er rétt að huga almennt að réttmæti markaðslausna. Fjármálakreppan kallar skiljanlega fram efasemdir um markaðshagkerfið, fullyrðingar um að samkeppni hafi brugðist og jafnvel að snúið verði frá þeirri leið að opna hagkerfið en takmarka þess í stað samkeppni þar sem hún hafi í ýmsum tilvikum verið skaðleg fyrir fólk, spillt verðmætum og leitt til ójöfnuðar.

Í erindi Michaels Porters, hagfræðiþrífessors við Harvard Business School á aðalfundi norskra samtaka atvinnulífsins (NHO) þann 7. janúar 2009 benti hann m.a. á að reynslan af hlutverki markaðskerfis og samkeppni í vexti þjóðfélaga og fyrirtækja væri afar skýr. Eftir því sem heimshagkerfið verður opnara verður hlutverk og mikilvægi samkeppni fyrir hagsæld skýrari. Lykilhugtakið að baki velsæld er framleiðni. Þjóðfélag getur verið blómlegt ef það er skilvirkt, getur notað vinnuafli og fjármagn til þess að framleiða mikil verðmæti, frábærar vörur og þjónustu af miklum gæðum sem hátt verð fæst fyrir. Ef mikil framleiðni er ekki fyrir hendi verður velsældin að bíða.

Framleiðniaukning sem leiðir til aukinnar velmegunar er drifin áfram af samkeppni. Samkeppni er líklega öflugasti krafturinn sem er þekktur til að auka framleiðni. Þessi niðurstaða fæst í fjölda rannsókna í mörgum ríkjum. Samkeppni eykur skilvirkni, dreifir þekkingu og bestu vinnuaðferðum frá öðrum fyrirtækjum, svæðum eða ríkjum. Samkeppnin þvingar fyrirtæki til þess að skapa nýjar hugmyndir, afurðir og ferla því þau geta ekki bara gert það sama og samkeppnisaðillinn gerir. Samkeppni er drifkrafturinn að baki uppfinningum, nýjum aðferðum og nýjum atvinnugreinum. Við opnun hagkerfis gagnvart alþjóðlegri samkeppni leysast gríðarlegir kraftar úr læðingi sem leiða til aukinnar velsældar.

Samkeppni leiðir til aukinnar framleiðni

En samkeppni getur vissulega brugðist þar sem heilbrigð og jákvæð samkeppni byggir á aðstæðum þar sem hún fer fram. Ef réttir hvatar eru til staðar, hæfni og geta meðal starfsfólks og réttar samkeppnisreglur þá mun samkeppni auka verðmæti. Ef reglurnar eru engar eða rangar þá getur samkeppni eyðilaggt

Aukin framleiðni leiðir til velsældar

verðmæti. Tökum dæmi af umhverfismálum sem er dæmigert fyrir markaðsbrest. Án umhverfissaðla og ábyrgðar á mengun leiðir samkeppni til þess að fyrirtæki menga mikið. Með heilbrigðum reglum þar sem sá sem mengar ber ábyrgðina og kostnaðinn má stuðla að nýsköpun við betrubætur umhverfis. Í þessum tilvikum verður samkeppnin besti bandamaðurinn. Það sama á við í öryggismálum og gæðamálum. Eins gildir þetta um samkeppnina sjálfa, ef engar reglur gilda um sanngjarna samkeppni þá verður niðurstaðan oft einokun.


Samkeppniseftirlitið hefur brugðist jákvætt við áskorunum vegna gjörbreytts samkeppnisumhverfis. Samtök atvinnulífsins hvöttu í haust til að mótað yrði faglegt og gegnsætt ferli sem hvíldi á einföldum meginreglum. Samkeppniseftirlitið gaf í nóvember út álit nr. 3/2008 um ákvarðanir bankanna og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Er þar beint áskorunum til nýju viðskiptabankanna og skilanefnda eldri bankanna í 10 liðum sem miða að því að efla og treysta virka samkeppni.

Samkeppnisyfirvöld hafa brugðist við falli banka með leiðbeiningum til þeirra

Meðal annars kemur í álitnu fram að ef tvær eða fleiri ráðstafanir koma til greina sé sú leið valin sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst, t.d. við endurskipulagningu fyrirtækja, Ekki skal stofnað til aukinnar fákeppni, eða óæskilegra stjórnunar- og eignatengsla á samkeppnismörkuðum, ef hjá því verður komist. Nýta skal svigrúm til þess að draga úr fákeppni, aðgangshindrunum, óæskilegum stjórnunar- og eignatengslum eða markaðsráðandi stöðu. Gæta skal að því að fyrirtækjum sé ekki mismunað ómálefnalega. Tryggja þarf að rekstur eða fjárhagsleg endurskipulagning tveggja eða fleiri keppinauta, sem eru í viðskiptum við sama banka, sé ekki á hendi sömu aðila á vegum bankanna. Skilja þarf á milli eignarhaldshlutverks og þjónustuhlutverks banka. Í tengslum við allar meiriháttar ráðstafanir sem áhrif geta haft á starfsemi fyrirtækja skal fara fram mat á samkeppnislegum áhrifum þeirra og er æskilegt að matið verði í höndum óháðs aðila sem þekkingu hefur á samkeppnismálum. Álit þetta endurspeglast einnig í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2. desember 2008 um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Bankarnir hafa mótað sér starfsreglur og gagnsæja ferla

Í fréttatilkynningu Samtaka fjármálafyrirtækja frá 9. desember 2008 um úrlausn útlánvandamála kemur fram að viðskiptabankarnir muni starfa samkvæmt



yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og álitni Samkeppniseftirlitsins. Í samræmi við þetta hafa bankarnir þegar auglýst eftir umboðsmanni viðskiptavina. Varðandi úrvinnslu flókinna lánamála munu þeir taka mið af alþjóðlegum viðmiðum, sk. London Approach, og með því stuðla að yfirveguðum ákvörðunum. Þá munu bankarnir stofna umsýslufélög til að hafa umsjón með eignarhlutum sínum í fyrirtækjum. Farið verður í gegnum verkferla og leitast við að hafa ákvörðunarferli eins gagnsætt og mögulegt er.

Þá er bent á að Samkeppniseftirlitið hefur birt á vef sínum skýrslu nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*. Þar er að finna greiningu á fimmtán samkeppnismörkuðum og dregnar fram helstu hindranir sem ný fyrirtæki eða smærri fyrirtæki standa frammi fyrir þegar þau hefja starfsemi eða hasla sér frekar völl. Bent er á aðgerðir sem rutt geta úr vegi eða dregið úr slíkum hindrunum. Að mestu leyti er þarna um að ræða gamalt vín á nýjum belgjum í þeim skilningi að fjallað er um mál sem Samkeppniseftirlitið hefur haft til rannsóknar og sum hver lengi. Án þess að tekin sé afstaða til einstakra mála í skýrslunni er þetta frumkvæði jákvætt þar sem skýrslan dregur saman á gagnlegan hátt viðhorf samkeppnisyrvalda til mikilvægustu viðfangsefna í samkeppnismálum og leiðbeinir þannig stjórnendum fyrirtækja.

Í framhaldi af breytingum á samkeppnisumhverfinu vegna hruns bankanna gáfu Samtök atvinnulífsins í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands og kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi út leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja. Leiðbeiningar sömu aðila um stjórnarhætti fyrirtækja frá árinu 2004 tóku ekki til opinberra fyrirtækja. Megininntak leiðbeininganna er að fyrirtæki sýni aukna ábyrgð í samskiptum sín á milli, við hluthafa, viðskiptavini og þjófðfélagið í heild. Leiðbeiningar um opinber fyrirtæki beinast auk þessa sérstaklega að því að hið opinbera stendur iðulega frammi fyrir því erfiða verkefni að finna jafnvægi annars vegar milli hlutverks síns sem eigandi og hins vegar sem valdhafi til reglusetningar. Þetta getur reynst erfiðt og hætta á pólitískum afskiptum af rekstri opinberra fyrirtækja er ávalt fyrir hendi.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja eru viðtækar. Lögð er áhersla á að hið opinbera og opinber fyrirtæki leitist við að taka ákvarðanir sem efla

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru mikilvægur leiðarvisir

samkeppni eða raska henni sem minnst. Þar er bæði átt við ákvarðanir innan einstakra opinberra fyrirtækja á samkeppnismörkuðum og ákvarðanir er geta haft áhrif á starfsemi einkafyrirtækja. Efnisþættir í leiðbeiningunum eru að mestu sambærilegir því sem fram kemur í áður nefndu álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008.

Samkeppni gegnir þannig grundvallarhlutverki í því að stuðla að nýsköpun, umbótum og framförum og er þar með mikilvæg stoð í endurreisn íslensks atvinnulífs. Raunar hefur reynsla annarra ríkja og rannsóknir í hagfræði sýnt að aðgerðir til þess að viðhalda og efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífs. Samkeppnisumhverfið hefur gjörbreyst með auknum ríkisafskiptum. Hlutverk samkeppniseftirlits hefur því aukist jafnframt því sem aðstæður kalla á breyttar áherslur. Stjórnvöld þurfa að vinna markvisst að því að færa eignir ríkisins í atvinnurekstri með skilvirkum og gegnsæjum hætti á ný í hendur einkaaðila. Jafnframt þurfa samkeppnisyfirvöld að fylgjast með fákeppni, beita sér gegn samkeppnishömlum og aðgangshindrunum að mikilvægum samkeppnismörkuðum og koma í veg fyrir að fyrirtæki misnoti markaðsráðandi stöðu.

7.4 Útflutningur og útrás

Mörg fyrirtæki stór og smá hafa haslað sér völl erlendis

Útflutningur vöru og þjónustu hefur aukist verulega frá Íslandi á undanförunum árum þótt vissulega megi segja að ennþá meira hefði þurft að gerast í þeim efnunum. Útflutningur vöru og þjónustu jókst t.d. um 78% á 10 ára tímabili frá 1998 – 2008 og á sama tíma hækkaði hlutfall útflutnings úr 35% í 43% sem hlutdeild af VLF.

Meginsókn Íslendinga á erlenda markaði á undanförunum árum fólst hins vegar í uppgangi fjármálageirans og tekjur og gjöld af fjármagnseignum og skuldum urðu sífellt stærri þáttur í flæði fjármagns inn og út úr landinu. Breytingar á því sviði voru reyndar svo örar að opinbert talnaefni um það sem gerðist var ófullkomið og átti sinn þátt í því að veikja skilning á því sem í raun var að gerast.

Uppgangur bankanna hafði gífurlega þýðingu fyrir aðgang íslenskra fjárfesta að fjármagni og þeir nýttu sér það. Í þeim hópi voru ekki einungis fáir og stórir



aðilar heldur fjölmörg minni fyrirtæki sem fengu tækifæri til þess að hasla sér völl erlendis á algjörlega nýjan hátt. Segja má að það hafi verið eitt best varðveitta leyndarmálið í þróun íslensks atvinnulífs hvað mörg fyrirtæki hafa reynt fyrir sér í útrás á erlendum mörkuðum. Erlendis væru þau kölluð lítil og meðalstór, jafnvel örfyrirtæki.

Það er mikilvægt að finna leiðir til þess að þjóna þeim íslensku fjárfestum sem lögðu í verkefni erlendis. Mörg þessara fyrirtækja hafa sjálfsagt aukið viðskipti sín og eftl tengsl við erlendar fjármálastofnanir þar sem þau starfa og geta þannig haldið í horfinu. En það mun án efa bitna á þessum aðilum að ýmis fyrirhuguð verkefni vegna fjárfestinga eða aukningar umsvifa falla niður.

Íslensku bankarnir höfðu náð fótfestu á ákveðnum sviðum langt út fyrir landsteinana s.s. í þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og fiskviðskipti eða í orkuverkefnum. Þá skiptir líka máli að hafa afl til að þjóna þeim fyrirtækjum sem lögðu í uppbyggingu stóriðju á Íslandi. Allur þessi árangur íslensku bankanna er nú að engu orðinn og stór spurning hvernig hægt er að byggja upp þessa þætti á nýjan leik. Allt þetta sýnir mikilvægi þess að á Íslandi séu öflugir bankar starfandi.

Þessi víðtæka útrás íslenskra fyrirtækja hefur aukið tengsl og möguleika Íslendinga á erlendum mörkuðum og jafnframt möguleika á frekari atvinnuuppbyggingu hér á landi. Á vegum þessara fyrirtækja eru fjölmörg störf sem geta ýmist skapast hér á landi eða erlendis. Mikilvægt er að hefja skipulega vinnu með þessum fyrirtækjum og kortleggja möguleikana á því að byggja upp störf á Íslandi í framtíðinni sem tengjast starfsemi þeirra erlendis og hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar í þessu skyni til þess að útrásin nýtist sem best.

Í útrás felast möguleikar til uppbyggingar hér á landi

Þróun útflutnings bæði vöru og þjónustu frá Íslandi á næstu árum þegar efnahagslíf viðskiptaþjóða okkar fer að rétta úr kútnum mun skipta sköpum fyrir lífskjör á Íslandi. Því skiptir miklu máli að styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum. Útflutningur sjávarafurða, áls og nokkurra annarra vörutegunda mun áfram verða burðarstoð í vöruútflutningnum og áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu og samgöngufyrirtækja verður mikilvæg fyrir þjónustuútflutning og leggja þarf áherslu á að styrkja þessar stöðir.

Sókn á erlenda markaði verður sífellt mikilvægari og markviss samvinna er nauðsyn

Einnig er nauðsynlegt að leita sífellt að nýjum möguleikum til sóknar á erlendum mörkuðum. Þannig hefur byggst upp ýmis konar þjónusta í tengslum við byggingariðnað á undanförmum árum og það þarf að leita leiða til þess að gera alla þá fagþekkingu að markaðsvöru erlendis.


Á Íslandi hefur verið byggt upp stoðkerfi við útflutning vöru og þjónustu og viðskipti milli landa. Þetta stoðkerfi þarf nú að vinna markvisst saman hvort heldur það er utanríkisþjónustan, Útflutningsráð, stuðningsaðilar við ferðamál, fjárfestingar eða aðra þætti. Utanríkisþjónustan þarf t.d. að einbeita sér að því að efla að nýju traust á Íslandi á erlendum vettvangi þannig að erlendir aðilar verði reiðubúnari en nú er til að vinna með Íslendingum.

7.5 Fjölgun starfa til 2015

Efnhagslífið þarf að vaxa um 25% á tímabilinu 2010 -15 og skapa 20.000 störf

Í mannfjöldaspá Hagstofu Íslands frá desember 2008 kemur fram að landsmönnum muni fækka á tímabilinu 2009–2012 vegna brottflutnings af landinu. Síðan muni fjölga að nýju um 1% árlega næstu ár þar á eftir. Samkvæmt spánni mun íbúafjöldi verða sá sami árið 2013 og hann var á síðasta ári. 1. júlí 2008 var íbúafjöldinn 319.400 og gerir spáin ráð fyrir svipuðum íbúafjölda á þessu ári. Íbúum fækki síðan árið 2010 í 317.000 og verði fjöldinn óbreyttur 2011 og 2012. Þá hefjist fjölgun á ný og verði íbúar 325.000 árið 2015. Gangi þetta eftir verður veruleg fækkun á vinnumarkaði á komandi árum, þannig að vinnuaflið (starfandi að viðbættum atvinnulausum) minnkar úr 184.100 árið 2008 í 177–178 þúsund á árunum 2010–2012. Sé miðað við atvinnuþátttöku og atvinnuleysi í meðalári, t.d. árið 2004, mun starfandi fólk fækka úr 178 þúsund á síðasta ári 173.000 árin 2010–2012, og ekki ná sama stigi og 2008 fyrr en árið 2015. Alls óvíst er að þessi spá um mikinn brottflutning af landinu verði að veruleika á næstu misserum. Þar kemur til að atvinnuástand er erfitt í þeim ríkjum sem líklegt er að Íslendingar geti hugsað sér að flytjast til en á móti má vænta þess að erlendum íbúum fækki talsvert.

Ef ekki verður af þeim brottflutningi af landinu sem spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir, en í stað þess gert ráð fyrir að jafnmargir flytjist að og frá landinu mun vinnu-



markaðurinn stækka um 1% árlega og vinnuaflið verða 188 þúsund manns árið 2015. Til þess að jafnvægi verði þá á vinnumarkaði og atvinnuleysi verði svipað og í meðalári þarf störfum að fjölga um 9.000 frá því sem var á síðasta ári, þ.e. úr 179 þúsund í 188 þúsund. Þar að auki þurfa að verða til störf í stað þeirra sem þegar hafa glatast vegna kreppunnar og horfur eru á að muni glatast á þessu ári, en þau gætu orðið um 10–11 þúsund. Þannig má leiða líkur að því að atvinnulífið þurfi að skapa 20 þúsund störf fram til ársins 2015. Ef það á að geta orðið að veruleika þarf efnahagslífið að vaxa um a.m.k. 25% á árabílinu 2010–2015 eða um 4,5% árlega. Markmiðið hlýtur því að verða sett á að skapa 20 þúsund störf fram til 2015 og skapa atvinnulífinu þær forsendur að það verði að veruleika.

7.6 Mikilvægi menntunar

Menntun gegnir æ mikilvægara hlutverki í samfélagi nútímans og á það ekki síst við á Íslandi, þar sem aukin menntun hefur stuðlað að miklum framförum síðustu áratugi. Árið 1997 stunduðu rúmlega 71 þúsund Íslendingar nám í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Tíu árum síðar var fjöldinn kominn upp í tæplega 87 þúsund nemendur.

Árið 2007 störfuðu á vinnumarkaði á Íslandi rúmlega 180 þúsund manns og hafði fjölgað um rúmlega 40 þúsund á 16 árum. Á sama tíma fjölgaði háskólamenntuðum einstaklingum á vinnumarkaði úr rúmlega 15 þúsund í tæplega 48 þúsund.

Betur má þó ef duga skal. Um 45 þúsund manns á íslenskum vinnumarkaði 2007 (28%) á aldrinum 20 – 64 ára hafa aðeins lokið grunmenntun. Þeir eru því álíka margir og þeir sem hafa háskólamenntun. SA og ASÍ höfðu frumkvæði að því á síðasta ári að setja með tilstyrk ríkisvaldsins markmið um að 90% fólks á vinnumarkaði árið 2020 hafi lokið viðurkenndri starfs- eða framhaldsmenntun. Til þess að þau markmið náist þarf samhent átak og nýjan hugsunarhátt.

Átaks er þörf til að auka starfs- og framhaldsmenntun.

Atvinnuleysi bitnar harðast á þeim sem minnsta menntun hafa, en í efnahagsþrengingunum nú kreppir einnig verulega að iðnmenntuðum og þeim sem hafa

lokið bóknámi. Gott aðgengi að fjölbreyttri menntun er lykilatriði svo að fólk sem sagt hefur verið upp störfum geti undirbúið sig, endurmenntað og komið aftur út í atvinnulífið sem hæfari starfsmenn. Til þess að svo megi verða þarf öflugan lánasjóð til að styðja einstaklinga í að fjárfesta í menntun sinni. Framlög til hans ætti ekki að skerða heldur tryggja sem kostur er að fólk sem missir vinnuna geti notað tímann til að afla sér frekari menntunar.

Álíka margir á vinnumarkaði eru með grunnmenntun og háskólamenntun

Nauðsynlegt er að tengja betur atvinnulíf og menntun á öllum skólastigum og að efla fullorðinsfræðslu og símenntun. Mikilvægi stærðfræðikennslu og þess að efla áhuga nemenda á vísindum verður seint ofmetið. Rækta þarf frumkvæði og athafnaþrá á öllum skólastigum. Þörf fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í íslensku atvinnulífi hefur aldrei verið meiri, nú þegar skjóta þarf nýjum og fjölbreyttum stoðum undir íslenskt atvinnulíf. Til þess þarf bæði hugmyndir og forystu og öflugt starfsfólk sem er opið fyrir breytingum og reiðubúið að þjálfa sig til að takst á við ný viðfangsefni. Öflug menntun, símenntun og umskólun er þannig nauðsynleg fyrir samfélagið.

Sérstaklega mikilvægt er að auka hér á landi nýsköpun og frumkvöðlastarf sem grundvallast á hátækni og sérfræðiþekkingu því slík atvinnustarfsemi er líkleg til að skila verulegri aukningu á útflutningstekjum.

Í könnunum um frumkvöðlastarfsemi hefur komið fram að mun minna er um það á Íslandi að háskólamenntaðir einstaklingar stundi frumkvöðlastarfsemi en í öðrum ríkjum Evrópu. Stjórnvöld ættu að setja háskólum þau markmið að útskrifa frumkvöðla og að hlúa að vaxtarsprotum á sviði nýsköpunar bæði innan háskólanna og í samfélaginu í heild.

Aukin menntun íslensku þjóðarinnar hefur haft veruleg áhrif til að auka landsframléiðslu, virðisaukandi nýsköpun og velferð í landinu. Ljóst er að enn eru tækifæri til að gera betur. Í þrengingum er því mikilvægt að hlúa vel að menntun og setja fremur aukin fjárframlög í það en að draga saman seglin.

7.7 Jafnréttismál og samkeppni um fólk

Auka má fjölbreytni verulega í íslensku atvinnulífi. Þegar blæs á móti í rekstrinum þarf að taka til og leita nýrra leiða til aukinnar hagsældar. Það er klókt að auka nú fjölbreytni í stjórnum fyrirtækja og í stjórnunarstöðum. Meðal ædstu stjórnenda í 120 stærstu fyrirtækjum landsins eru konur aðeins 8% í stöðu forstjóra eða framkvæmdastjóra. Konur eru aðeins 19% yfirmanna í þessum fyrirtækjum. Þessu þarf að breyta og þróunin er í þessa átt þó svo að hægt miði. Prettán konur eru stjórnarformenn í 120 stærstu fyrirtækjunum en árið 2007 voru þær aðeins þrjár. Árið 2007 voru 71% fyrirtækjanna án konu eða kvenna í stjórn en á árinu 2008 er hlutfallið 57%.

Aukin fjölbreytni í stjórnum fyrirtækja getur verið ein þeirra leiða sem koma íslensku atvinnulífi fyrr af stað í sókn til bættra lífskjara. Nærri sex af hverjum tíu stærstu fyrirtækjanna eru með hreinræktaðar karlastjórnir. Það er mikilvægt hagsmunamál atvinnulífsins að konur og karlar eigi í reynd jafna möguleika til starfa, starfsþróunar og launa. Það þarf að vinna markvisst að því að auka jöfn tækifæri milli kvenna og karla í atvinnulífinu meðal annars með því að endurskoða hefðir, venjur, viðhorf og vinnuaðferðir innan fyrirtækja og stofnana.

Auk þess er mikilvægt fyrir nýsköpun og frjóa uppsprettu hugmynda í fyrirtækjum að þar starfi fólk með ólíkan bakgrunn, með ólíka menntun, á ólíkum aldri og með ólíka reynslu. Úr slíkum suðupotti skapast nýjungar með opnum samskiptum þar sem öllu er haldið til haga.

Samtök atvinnulífsins skipa í 24 sæti stjórnarmanna í 9 lífeyrissjóðum. Lífeyrissjóðirnir eru mikilvægt fjárhagslegt afl en í árslok 2007 nam hrein eign allra lífeyrissjóðanna í landinu um 1.650 milljörðum króna. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir landsmenn að sjóðunum sé stjórnað faglega en samtök atvinnulífsins hafa viljað auka fjölbreytni stjórnarmanna og rétta hlut kynjanna innan stjórnanna. Árið 2008 voru konur helmingur tilnefndra stjórnarmanna SA á því ári og skipa nú konur fjórðung af þeim sætum sem SA skipa í lífeyrissjóðunum. Áfram verður haldið á þessari braut.

Konum verður að fjölga í stjórnum og í hópi stjórnenda

Með aukinni fjölbreytni og því að tengja saman ólíka reynslu og hugmyndir næst árangur

Á næstu árum þarf með skipulegum hætti að útvíkka málaflokkinn jafnréttismál þannig að líka sé hugað að því hvernig tekst að nýta sem best allan þann mannauð sem býr í því fólki sem hefur flust til Íslands og haslað sér þar völl. Íslenskt atvinnulíf á mikið undir því að þetta fólk aðlagist að íslensku samfélagi og ekki skapist ástand þar sem því er mismunað.

Ennfremur er þessari umræðu tengt hvernig Íslendingar geta keppt um hámenntað fólk sem er að velta fyrir sér búsetu á Íslandi. Sérstaklega þarf að huga að því fólki sem giftist íslenskum námsmönnum og öðrum Íslendingum sem flytjast tímabundið til útlanda. Nauðsynlegt er að það sé raunhæfur kostur fyrir fólk sem hefur þannig tengsl við land og þjóð að flytjast hingað og vinna störf við sitt hæfi.

7.8 Gjaldmiðillinn


Miklar umræður hafa verið síðustu árin um stöðu krónunnar sem gjaldmiðils. Atvinnulífið þarf að búa við gjaldmiðil sem er samkeppnisfær hvað varðar verðbólgu, vexti og stöðugleika í gengi gagnvart öðrum gjaldmiðlum ef því er ætlað að standa undir lífskjörum í fremstu röð. Þessa samkeppnishæfni hefur íslenska krónan ekki boðið upp á.

Íslenska krónan er ekki samkeppnisfær gjaldmiðill

Veik samkeppnisstaða íslensku krónunnar á sér margar skýringar. Hún er einfaldlega of lítill gjaldmiðill miðað við metnað íslenskra fyrirtækja og alþjóðavæðingu atvinnulífsins. Hagstjórn og vaxtaákvæðanir hafa ekki tekið mið af raunverulegum aðstæðum. Nú eftir hrun bankanna, mikið gengisfall og innleiðingu gjaldeyrishafta er sannarlega tilefni til þess að staða krónunnar sé rædd.

Umræður um þessi mál hafa enda verið miklar innan atvinnulífsins og ýmsar skoðanir og álitserðir hafa verið settar fram. Ekki hefur náðst samstaða um neina eina leið en þær þrjár sem mest koma til umfjöllunar eru þessar:

Í fyrsta lagi geti krónan verið gjaldmiðill Íslendinga um fyrirsjáanlega framtíð. Efla þurfi samkeppnishæfni hennar með því að stórbæta hagstjórn. Einnig verður að gera aðrar nauðsynlegar aðgerðir vegna uppbyggingar atvinnulífsins þannig að



hvorki komi til mikillar þenslu né samdráttar. Með því væri von til þess að vextir og verðbólga gætu lækkað og gengi krónunnar endurspeglaði stöðu inn- og útflutningsgreina fremur en að ráðast af síbreytilegum fjármagnshreyfingum.

Í öðru lagi að einhliða verði tekinn upp annar gjaldmiðill. Þá er evran mest rædd í því sambandi. Bent er á að aðrar þjóðir hafi tekið upp og noti annan gjaldmiðil en sinn eigin og að það hafi gefist vel í mörgum tilvikum. Aðstæður þessara þjóða hafa verið misjafnar en upptaka sterks gjaldmiðils hafi tryggt stöðugt verðlag og með skynsamlegri aðhaldsstefnu megi byggja upp næga varasjóði til þess að verja fjármálakerfið þegar áföll verða. Yfirlýst andstaða ESB við þessa leið verði meira í orði en á borði.

Í þriðja lagi að leitað verði eftir inngöngu í Evrópusambandið og aðild að Evrópska myntsamstarfinu (EMU). Evran verði þannig framtíðargjaldmiðill með fullri þátttöku í evrópska fjármálakerfinu og aðild að samningum evruríkjanna um hagvöxt og stöðugleika. Með fullri aðild að EMU verði evran miklu sterkari sem gjaldmiðill fyrir Ísland og fjármálakerfið verði mun betur varið en áður. Með fullri aðild megi vænta þess að fjármálageirinn geti byggst upp á nýjan leik og þjónað atvinnulífinu betur á tímum alþjóðavæðingar.

Samtök atvinnulífsins verða áfram vettvangur fyrir umræður um þessi máli. Vextir, verðbólga og stöðugt gengi eru meðal grunnþátta sem ráða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og þjóðarinnar allrar. Því munu þessi mál vera til umfjöllunar svo lengi sem gjaldmiðillinn er ekki að skila hlutverki sínu hvort sem það er vegna aðstæðna sem ekki eru á okkar valdi eða vegna slakrar hagstjórnar og ófullkominna reglna.

Samtök atvinnulífsins hafa einnig bent á að hlutur krónunnar í efnahagslífinu hefur farið minnkandi, einkum í fjármagnsviðskiptum. Ástæða þess er sú að fyrirtæki og heimili hafa séð sér hag í að nota aðra gjaldmiðla en krónuna. Slíkt val mun áfram fara fram og fyrirtæki og heimili munu sífellt þurfa að meta kostnað og áhættu við að nota krónuna fremur en aðra gjaldmiðla.

Vextir, verðbólga og gengi ráða samkeppnishæfni fyrirtækja og þjóðarinnar allrar

8. ÍSLAND ÁRIÐ 2015

Þær tillögur sem hér eru settar fram af Samtökum atvinnulífsins um hagsýna, framsýna og áræðna atvinnustefnu geta snúið vörn í sókn verði þeim hrint í framkvæmd. Sé rétt á málum haldið, er framtíð íslensks efnahagslífs öfundsverð. Árið 2015 gæti einkennst af eftirtöldum þáttum:

- Sköpuð hafa verið 20 þúsund störf frá hruni fjármálakerfisins árið 2008
- Íslendingar búa við aukinn stöðugleika með nýrri mynt.
- Verðbólga er svipuð og í samkeppnislöndum, launabreytingar hóflegar og kaupmáttur eykst.
- Meiri fjölbreytni er í íslensku atvinnulífi en nokkru sinni. Öflug íslensk alþjóðafyrirtæki hafa eftir starfsemi sína, útflutningsfyrirtæki eflast með auknum stöðugleika í gengi og umhverfi nýsköpunar hefur styrkst.
- Íslenskt atvinnulíf býr við trausta stjórnarhætti og einfalt en traust regluumhverfi.
- Atvinnuleysi er svipað og var 2004 og minna en í flestum ríkjum Evrópu.
- Eftir að kröfuhafar íslensku bankanna komu að rekstri þeirra hefur það eflst og íslenskt atvinnulíf býr við vaxandi traust á erlendum fjármálamörkuðum.
- Bankakerfið er að meginstofni til í eigu innlendra og erlendra fjárfesta.
- Skuldir ríkisins hafa lækkað verulega og eru svipaðar og að meðaltali í evruríkjunum.
- Hlutabréfamarkaðurinn hefur eflst og er markaðsverðmæti hlutabréfa orðið jafnhátt og landsframleiðsla
- Íslenskir lífeyrissjóðir eru áfram í fremstu röð.
- Meiri fjölbreytni er í stjórnnum og stjórnun fyrirtækja sem eflast hefur íslenskt fyrirtæki.
- Opinber rekstur hefur verið einfaldaður sem skilar sér í betri nýtingu skattfjár
- Áætlanir í ríkisbúskapnum eru gerðar til þriggja ára í senn sem skapar aukinn stöðugleika.
- Ísland er land tækifæranna þar sem græðgi og óhóf hafa vikið fyrir metnaði og fagmennsku.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Húsi atvinnulífsins - Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - www.sa.is